Vill að Rússland falli

Menning ➤ 24

Spenna og kvíði hjá Hr. Rokk

Lífið ➤ 28

FRÉTTABLAÐIÐ

202. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 8. SEPTEMBER 2022

Nemendur í Melaskóla hófu átakið Göngum í skólann í gær ásamt þeim Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og Sigríði Björk Guðjónsdóttur ríkislögreglustjóra. Krakkarnir í þriðja bekk gengu um hverfið til að hefja átakið, sem á að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tapa tugmilljónum á nýrri skerðingu

Tæknifræðingur kveðst tapa 15-20 milljónum vegna nýrra lífeyrissjóðslaga. Hagfræðingur segir skattalega meðferð í séreignarstefnunni óboðlega.

bth@frettabladid.is

LÍFEYRISSJÓÐIR Fjöldi Íslendinga fær högg um næstu áramót er ný lög frá Alþingi um lífeyrissjóði skerða greiðslur frá Tryggingastofnun.

Hálfsjötugur tæknifræðingur hjá Almenna lífeyrissjóðnum, sem hefur greitt í séreignarsjóð frá níunda áratug síðustu aldar, segir nýju löggjöfina munu skerða áætlaðar tekjur hans um 15-20 milljónir á 15 árum. Frádráttur frá almannatryggingum éti upp lífeyri sem hann hefði ella fengið frá Tryggingastofnun. Hann gagnrýnir hve þessar skerðingar komi aftan að mönnum og kynning hafi verið lítil.

Tæknifræðingurinn segist hafa hugleitt að segja upp starfi sínu vegna laganna og fara þegar á eftirlaun. Fleiri sérfræðingar, svo sem læknar, hafi stofnað til séreignar með sama hætti og hann. Ef þeir hætta störfum vegna skerðinganna fylgi því afleiðingar. Kveðst hann ætla að taka út séreignarsjóð þótt það kosti milljónir í hátekjuskatt.

Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri Almenna lífeyrissjóðsins, staðfestir að sjóðurinn hafi undanfarið fengið töluvert af fyrirspurnum frá sjóðfélögum sem margir eigi séreign sem ekki varð til af viðbótariðgjaldi. Sjóðurinn hefur boðað til upplýsingafundar í lok mánaðar.

> Þessar skerðingar hjá Tryggingastofnun eru úr öllu hófi.

Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur

„Þessar skerðingar hjá Tryggingastofnun eru úr öllu hófi," segir Ólafur Ísleifsson hagfræðingur og doktor í lífeyrissjóðsmálum.

Með lagafrumvarpinu verður lögfest að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs verður minnst 15,5 prósent af iðgjaldsstofni í stað 12 prósenta nú. Með því eru lögfest samningsákvæði milli aðila vinnumarkaðar.

Í greinargerð segir að áhersla sé á samræmt réttindakerfi á vinnumarkaði og sjálfbært lífeyriskerfi. Því þurfi hver kynslóð að standa undir eigin lífeyrisréttindum. Starfshópur lagði til að aldurstengd ávinnsla réttinda yrði meginreglan í og lífeyrisaldur yrði samræmdur. ■

Tvöfaldar fjölda liðskiptaaðgerða

HEILBRIGÐISMÁL Klíníkin í Ármúla reiknar með því að geta rúmlega tvöfaldað fjölda liðaskiptaaðgerða sem hún gerir á hverju ári. Samkvæmt viðtali Fréttablaðsins við framkvæmdastjóra Klíníkurinnar mun fjöldinn fara úr um 300 á ári upp í 650. Sagði hann að aukningin gæti orðið enn meiri með stækkun húsnæðisins. SJÁ SÍÐU 4

Sigurður Ingibergur Björnsson, framkvæmdastjóri Klíníkurinnar

Garðabær þarf að huga að skólpinu næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Garðabæjarskólp ekki lengur til Hafnarfjarðar

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Hafnarfjarðarbær hefur ákveðið að segja upp samningi um viðtöku skólps frá Garðabæ. Í ljósi mikillar uppbyggingar í bænum og aukins álags getur fráveita Hafnarfjarðar ekki lengur tekið við skólpi nágrannanna eins og gert hefur verið síðustu tólf árin. Uppsögnin tekur gildi á næsta ári.

Samkvæmt sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs Garðabæjar er tíminn of stuttur til að hægt sé að klára nýja dælustöð og lagnir.

Ákvað bæjarráð að fela bæjarstjóra að hefja viðræður við nágrannana varðandi samstarf um hönnun og tímasetta verkáætlun vegna lausna á fráveitumálum. ■

Sjerpi við akkeri í Reykjavíkurhöfn

Lystisnekkja breska milljarðamæringsins Jims Ratcliffe, hin svonefnda Sherpa, liggur nú við bryggju í Reykjavíkurhöfn. Ratcliffe gaf snekkjunni nafnið Sherpa vegna gríðarlegs burðarþols hennar, eftir sjerpum þeim sem frægir eru fyrir fjallgöngur sínar í Himalajafjöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslandsbankaskýrslan á lokametrum

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Guðmundur Björgvin Helgason ríkisendurskoðandi segir að skýrslan um söluna á bréfum Íslandsbanka sé á lokametrunum.

„Við vonumst til að geta sett skýrsluna í umsagnarferli á næstu dögum," segir Guðmundur.

Einhvern tíma mun taka að vinna úr viðbúnum athugasemdum og ábendingum. „En ég ætla að halda mig við að við náum að klára þessa vinnu í september," segir Guðmundur.

Um fimm manns hafa komið að skýrslugerðinni hjá embættinu að sögn Guðmundar. Einnig hafa verið kallaðir til sérfróðir utanaðkomandi fjármálaráðgjafar. Vinnan við skýrslugerðina varð umfangsmeiri en embættið sá fyrir í upphafi, að hans sögn.

„Verkið er vandasamt og við

Fimm manns hafa komið að gerð skýrslunnar, að sögn Guðmundar.

þurfum að vinna það vel."

Þegar skýrslan verður tilbúin fer hún til forseta Alþingis og þaðan væntanlega til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Vænta má þess að sama dag og skýrslan fær kynningu í þingnefndinni verði hún sett á netið. ■

Námskeið
Skákskóla Íslands 2022
hefjast 10. september nk.

Byrjendaflokkar Skákskóla Íslands fyrir krakka á aldrinum 6 – 10 ára hefjast laugardaginn 10. september nk. kl. 11.
10 vikna námskeið – Fyrsti tími er prufutími.

Námskeið fara fram í húsnæði Skákskóla Íslands að Faxafeni 12. Gengið inn við hlið 66° Norður.

Allar nánari upplýsingar á vefsíðu skákhreyfingarinnar, skak.is eða í síma 5689141.

Skákskóli ÍSLANDS
Faxafeni 12

Fyrirspurnir og skráningar á skáksamband@skaksamband.is

Verklag við biðlista fatlaðra eftir íbúð standist ekki lög

Þroskahamlaður maður vann í vikunni fullnaðarsigur í máli gegn Reykjavíkurborg. Borgin hefur ákveðið að una dóminum og áfrýja ekki til Landsréttar.

helenaros@frettabladid.is

DÓMSMÁL Kjartan Ólafsson, 25 ára þroskahamlaður maður með Downs-heilkenni, vann í vikunni fullnaðarsigur í máli sínu gegn Reykjavíkurborg. Málið höfðuðu foreldrar Kjartans, fyrir hans hönd, í apríl 2020 vegna verklags borgarinnar í kringum biðlista fatlaðra eftir húsnæði með þjónustu.

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi Kjartani í hag 16. júní 2021 en borgin gat ekki unað dóminum og áfrýjaði til Landsréttar. Málið var á dagskrá Landsréttar á morgun, föstudag, en borgin ákvað í vikunni að falla frá áfrýjun sinni og una dómi héraðsdóms.

Flóki Ásgeirsson, lögmaður Kjartans, fagnar niðurstöðunni og segir hana mjög fordæmisgefandi fyrir fatlaða einstaklinga sem enn eru á biðlistum borgarinnar. „Niðurstaðan felst í því að verklagið við biðlistana stenst ekki lög," segir Flóki og bætir við að grundvallarástæðan sé sú að biðlistarnir hafi ekki falið í sér neina röðun umsækjenda. Þeir hafi allir verið settir í biðflokk og úthlutun hverju sinni hafi verið gerð á mjög óljósum forsendum.

„Biðtíminn virðist ekki hafa skipt neinu máli," segir Flóki. Einstaklingar hafi allt eins getað átt von á óendanlegri bið og aðferðafræðin standist ekki lög.

Fréttablaðið fjallaði um mál Kjartans og foreldra hans í maí síðastliðnum en hann hefur verið á biðlista eftir húsnæði með þjónustu á vegum borgarinnar í sjö ár. Þau höfðu lengi leitað svara hjá

Kjartan Ólafsson í gróðurhúsinu í Bjarkarási en hann vann mikilvægan sigur gegn borginni í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Niðurstaðan felst í því að verklagið við biðlistana stenst ekki lög.

Flóki Ásgeirsson, lögmaður Kjartans

borginni um hvar Kjartan væri á biðlistum og hvenær hann gæti átt von á úthlutun en svör voru aldrei á reiðum höndum.

Ragnheiður Gunnarsdóttir, móðir Kjartans, segir niðurstöðuna mikinn sigur fyrir alla. „Ég er í skýjunum fyrir hönd Kjartans og að Reykjavíkurborg skuli átta sig á þessu. Það geta allir breytt betur og það er verið að taka tímamótaákvörðun um að viðurkenna rétt fatlaðra á að vita hvenær þeir fá búsetu. Hvort sem það er eftir eitt ár eða tíu. Það fá ekki allir búsetu á morgun en það skiptir máli að fá þetta svar."

Ólafur Hilmar Sverrisson, faðir Kjartans, tekur undir með Ragnheiði. „Þetta er mikið gleðiefni og niðurstaða sem maður átti alls ekki von á, því það var búið að áfrýja," segir Ólafur og bætir við að borgin sýni kjark með því að stíga til baka.

Fréttablaðið leitaði til borgarlögmanns í byrjun vikunnar vegna málsins og fékk þau svör að borgin tjáði sig almennt ekki um dómsmál á meðan þau væru enn til meðferðar við dómstóla.

Síðar sama dag samþykktu foreldrar Kjartans boð frá borginni um íbúð fyrir hann og í sömu andrá barst Flóka tilkynning frá borgarlögmanni um að borgin hefði ákveðið að falla frá áfrýjun sinni. Fréttablaðið óskaði því aftur svara í gær og þegar blaðið fór í prentun höfðu engin svör borist. ■

Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru
frá eftirtöldum verslunum
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND
BOSS
BOSS BÚÐIN KRINGLUNNI
HANZ
KRINGLUNNI
Mathilda
Kringlunni
COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg
40-60%
afsláttur af öllum vörum
Herralagerinn Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Hundruð milljóna fyrir að komast á heimsmeistaramótið

benediktboas@frettabladid.is

FÓTBOLTI Komist íslenska kvennalandsliðið í fótbolta á heimsmeistaramótið gæti það tryggt KSÍ um 210 milljónir króna hið minnsta standi FIFA við loforðið um að tvöfalda verðlaunafé á mótinu.

Á HM 2019 fengu lið 750 þúsund dollara, eða 106 milljónir króna, fyrir að komast á mótið en FIFA hefur stefnt að því að tvöfalda hið minnsta verðlaunapottinn fyrir HM á Nýja-Sjálandi og í Ástralíu á næsta ári. FIFA hefur hvorki gefið út upphæð verðlaunafjárins né upphæðir fyrir komandi HM.

Eftir mótið 2019 sagði forseti FIFA, Gianni Infantino, að FIFA ætlaði sér að tvöfalda verðlaunafé hið minnsta og halda þróuninni áfram. Á HM 2015 var verðlaunaféð 15 milljónir dollara en það var tvöfaldað fjórum árum síðar. Samkvæmt svari KSÍ hefur verið gefið út að það verði umtalsverð hækkun fyrir HM 2023,

Þær Sveindís og Sara sögðust báðar eftir leikinn gegn Hollandi ætla sér á HM á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

en upphæðin hefur þó ekki verið staðfest.

Á HM 2015 og 2019 voru 24 lið, en á HM 2023 fjölgar þeim í 32. Sigurvegararnir árið 2019 fengu í sinn hlut fjórar milljónir dollara, rúman hálfan milljarð króna, en lið sem féll út í riðlakeppninni fékk 750 þúsund dollara. Það veltur svo á því hversu langt lið fer í keppninni hvað það fær stóran hluta af kökunni, segir í svari KSÍ.

Á fundi í júlí, sem hafði yfirskriftina Eitt ár í mót, sagði framkvæmdastjóri FIFA, Fatma Samoura, að stefnan væri að hafa verðlaunapottinn allt að 100 milljónum dollara. „Við erum langt á eftir miðað við verðlaunaféð sem við munum sjá hjá körlunum í Katar en HM karla hófst 1930 en HM kvenna árið 1991. Þetta er níunda HM kvenna og við erum að sjá mikla aukningu í fjárfestingum í kvennaboltanum og það er bara tímaspursmál hvenær þetta verður jafnt," sagði hún. ■

Samstöðufundur vímuefnanotenda

lovisa@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Á þriðjudag var í fyrsta sinn haldinn samstöðufundur notenda vímuefna. Fundurinn var skipulagður af Matthildarsamtökunum um skaðaminnkun en fundinn leiddu þeir Arild Knutsen og John Melhus frá The Association for Humane Drug Policies í Noregi.

„Það myndaðist strax skipulag og ákveðnar hugmyndir um hvað þarf að ávarpa strax," segir Arild.

Hann segir marga ólíka einstaklinga innan hópsins en ef þeir standi saman náist fram breytingar.

„Að okkar mati er mikilvægt að hópurinn skipuleggi sig eins og aðrir hagsmunahópar," segir Arild. ■

Ökumenn vita varla þeir séu að keyra um Hafnarfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stækka skilti og minna á vitann

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Hafnarfjarðarbær ætlar að endurhanna skilti fyrir akandi vegfarendur. Umhverfis- og framkvæmdaráð bendir á að skiltin sem fyrir eru gefi fátt til kynna og séu illsjáanleg vegfarendum.

Séu ökumenn ekki kunnugir sé lítið sem bendi til að þeir séu í Hafnarfirði. Ráðið minnir á að bæjarmerkið Vitinn verði í öndvegi. ■

Klíníkin tvöfaldar þann fjölda sem hægt er að taka í liðskiptaaðgerðir

Eftir að húsnæði Klíníkurinnar var stækkað er hægt að framkvæma 650 liðskiptaaðgerðir á ári. Áður réð hún aðeins við 300. Framkvæmdastjóri segir að það sé ekki aðeins efnað fólk sem komi til fyrirtækisins.

sigurjon@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri segir að heilbrigðiskerfið eigi að snúast um hagsmuni sjúklingsins. MYND/AÐSEND

HEILBRIGÐISMÁL Klíníkin í Ármúla reiknar með að geta framkvæmt um 650 liðskiptaaðgerðir á ári, að sögn Sigurðar Ingibergs Björnssonar, framkvæmdastjóra Klíníkurinnar. „Við erum að gíra okkur í að tvöfalda hjá okkur afköstin, það er kominn annar bæklunarlæknir þannig að við getum farið að gera svona 650 aðgerðir á ári," segir hann.

Áður hafði Klíníkin náð að framkvæma um 300 liðskiptaaðgerðir á ári, en með stækkun húsnæðis mun nást að fjölga liðskiptaaðgerðum enn frekar og jafnvel ráða enn annan bæklunarlækni, að sögn Sigurðar.

„Það er af nógu að taka, eftir því sem við bætum fleiri læknum við, þá koma fleiri í aðgerðir. Þeir þurfa bara að borga sjálfir, en það eru ekki allir sem geta gert það," segir Sigurður. Hann vill meina að það sé misskilningur í umræðunni að einungis efnað fólk sæki til Klíníkurinnar. „Það er ekkert þannig sem það er, þetta eru oft samskot hjá vinum og svoleiðis. Þetta er fólk í alvöru neyð sem kemst ekki í aðgerð."

Sigurður segir það eina sem Klíníkin geti gert sé að auka afkastagetuna en hver eigi að borga það sé ákveðið af ríkinu. „Það er eitthvað sem ríkið getur tekið að sér og verður eiginlega að leysa úr," segir hann.

> Þeir þurfa bara að borga sjálfir, en það eru ekki allir sem geta gert það.

Sigurður Ingibergur Björnsson, framkvæmdastjóri Klíníkurinnar

Biðlistavandi sé eitthvað sem Klíníkin sé búin að tala um síðan 2017. „Markmiðið hlýtur að vera að koma fólki í aðgerð sem fyrst," segir Sigurður. „Þetta snýst ekki um að við séum að fara að leysa einhvern vanda hjá Landspítalanum, það getur aldrei verið sjálfstætt markmið.

Vandamálið er ekki að það séu langir biðlistar á Landspítalanum, heldur að það er fullt af fólki sem fær ekki aðgerðir sem það þarf að komast í," segir Sigurður. Það sé verkefni Klíníkurinnar að koma þessu fólki í aðgerð.

Sigurður segir heilbrigðiskerfið snúast um hagsmuni sjúklingsins. „Við þurfum að reyna að einblína aðeins á sjúklinginn og hvað hann vantar, en ekki hvað tilteknar stofnanir þurfa til að leysa úr sínum vandamálum."

Fréttablaðið greindi í gær frá bið Ragnars Hilmarssonar grunnskólakennara eftir liðskiptaaðgerð. Hann hitti lækni í febrúar í fyrra, þá var honum sagt að biðtíminn væri eitt ár en gæti þó orðið styttri. Eftir ár hafi verið sagt að aðgerðin gæti fyrst orðið í sumar eða haust. Ákveðið var að skipt yrði um lið í vinstra hné á Ragnari nú í október.

Við vinnslu fréttarinnar var reynt að ná sambandi við Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra, aðstoðarmann hans og upplýsingafulltrúa heilbrigðisráðuneytisins en þau svöruðu hvorki skilaboðum né símtölum. ■

ISBAND
SMURÞJÓNUSTA
VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA
FÓLKSBÍLA - HÚSBÍLA - VINNUBÍLA
STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN
SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 590 2323
THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00
UMBOÐSAÐILI
Jeep
RAM
FIAT
ALFA ROMEO
CHRYSLER
DODGE

GURRA GRÍS

TM

Fjölskyldusöngleikurinn

ÓVÆNTA AFMÆLIÐ

í Hörpu í desember

Miðasala á harpa.is

HARPA

Portúgalar búa lengst hjá foreldrum

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Portúgalar flytja seinast allra íbúa Evrópusambandsins frá foreldrum sínum, að meðaltali 33,6 ára að aldri. Þar á eftir koma Króatar, Serbar, Slóvakar og Grikkir. Þetta kemur fram í nýjum tölum Eurostat, tölfræðistofnunar Evrópusambandsins.

Athygli vekur að Ítalir eru aðeins í sjöunda sæti sem rímar ekki vel við staðalmyndina. Ítalir eru að meðaltali innan við þrítugt þegar þeir flytja að heiman.

Ekki liggja fyrir tölur um Ísland en almennt séð flytja Norðurlandabúar snemma að heiman.

> Konur flytja nær 2 árum fyrr út en karlar.

Svíar flytja yngstir út, aðeins 19 ára gamlir, en Finnar og Danir 21 árs. Meðaltal Evrópusambandsins alls er 26,5 ár.

Karlmenn dvelja mun lengur í foreldrahúsum en konur. Í heildina er munurinn nærri tvö ár. Yngstar flytja sænskar konur út, 18,8 ára, en lengst dvelja króatískir karlar í foreldrahúsum, til 34,9 ára aldurs. ■

Atkvæði talin í Maricopa-sýslu í Arizona. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Öryggisgæsla hert í aðdraganda kosninga

thp@frettabladid.is

BANDARÍKIN Víða um Bandaríkin er unnið að því að herða öryggisgæslu fyrir kosningar sem fram fara 8. nóvember. Þá verður kosið um öll sæti í fulltrúadeildinni og 35 af 100 sætum í öldungadeildinni, auk þess sem kosið er um ríkisstjóra í fjölmörgum ríkjum.

Donald Trump, fyrrverandi forseti, heldur því fram án nokkurs rökstuðnings að brögð hafi verið í tafli er Joe Biden vann yfirgnæfandi sigur í forsetakosningunum fyrir tveimur árum og stuðningsfólk hans trúir lygum hans um að kosningarnar hafi verið ólögmætar.

Vegna þessa hafa kjörstjórnir víða um land ákveðið að herða öryggisgæslu af ótta við að einhver úr röðum stuðningsfólks forsetans muni ráðast gegn kjörstöðum og kjörstjórnum. Á skrifstofu kjör-

> Æðsti yfirmaður kosningamála í Colorado hefur gripið til þess ráðs að fá sér lífverði

stjórnar í sýslu einni í Wisconsin hefur verið sett upp öryggisgler og myndavélar eftir að reynt var að brjótast inn á skrifstofuna í apríl. Æðsti yfirmaður kosningamála í Colorado hefur gripið til þess ráðs að fá sér lífverði eftir að einn stuðningsmanna Trumps, með tengsl við hægri öfgahópa, sagði að ráða ætti henni bana. Dæmi eru um að meðlimir kjörstjórna hafi sagt af sér af ótta við ofbeldi. ■

Orkukreppa er í Evrópu

Rússar hafa skrúfað fyrir gas til Evrópu til að bregðast við viðskiptaþvingunum Evrópusambandsins vegna innrásar þeirra í Úkraínu. Orkukreppan stefnir háleitum umhverfismarkmiðum ESB í hættu.

thp@frettabladid.is

ORKUMÁL Fram undan er erfiður vetur í Evrópu. Vegna viðskiptaþvingana sem settar hafa verið á Rússa sökum innrásar þeirra í Úkraínu hafa þeir skrúfað fyrir flutning á gasi til Evrópu og því þurfa ríki að horfa til annarra leiða til að fullnægja orkuþörf álfunnar.

Árið 2020 voru um 40 prósent gass sem notað var í Evrópu frá Rússlandi og samkvæmt Eurostat eru um 70 prósent raforkuframleiðslu í Evrópusambandinu (ESB) með jarðefnaeldsneyti.

Hlutur kola í orkuframleiðslu jókst um 10 til 15 prósent í fyrra þegar gas var af skornum skammti vegna mikilla kulda í Evrópu og gera má ráð fyrir að aukningin verði enn meiri á þessu ári. Stærstu kolaframleiðendur álfunnar, Þýskaland og Pólland, auka hana nú og Austurríki og Holland ætla að gera slíkt hið sama. Þjóðverjar, sem reitt hafa sig á ódýrt rússneskt gas til að knýja iðnað landsins, endurræsa nú kolaver til að bæta upp fyrir gasskortinn. Liz Truss, nýr forsætisráðherra Bretlands, vill auka gasframleiðslu í Norðursjó til að tryggja orkuöryggi.

Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, lýsti því yfir í gær að komið yrði á „lögbundnum takmörkunum á raforkunotkun á álagstíma“ til að „fletja kúrfu“ raforkunotkunar í ríkjum ESB.

Í fyrra lýsti sambandið því yfir að það yrði kolefnishlutlaust árið 2050 og í maí var hulunni svipt af REPowerEU, aðgerðaáætlun ESB í grænni orkuframleiðslu. Markmiðið er að 45 prósent orku í sambandinu verði framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. „Efnahagur byggður á jarðefnaeldsneyti hefur náð hámarki,“ sagði von der Leyen í fyrra.

Nú þegar skrúfað er fyrir gasið er erfitt að standa við þessi markmið. Evrópa stendur frammi fyrir því að þurfa að mæta orkuþörf strax og því þarf að horfa til aukinnar notkunar jarðefnaeldsneytis.

Samkvæmt hugveitunni Ember Climate stefnir í að stjórnmálamenn í Evrópusambandsríkjum eyði um 50 milljörðum evra í fjárfestingar í vinnslu jarðefnaeldsneytis, stjórnmálamenn sem lýstu því yfir fyrir ári að framtíðin væri græn. Auk þess verður ráðist í björgunaraðgerðir af svipaðri stærð og eftir fjármálakreppuna 2008 til að hlífa neytendum við miklum hækkunum rafmagnsreikninga.

Ríkin átta við Eystrasaltið ætla að stórauka raforkuframleiðslu með vindorku og vinna meira saman að því markmiði. Á fundi ríkjanna í lok ágúst fullyrti von der Leyen að mæta mætti allri orkuþörf ríkjanna með vindorku árið 2030. „Eins lengi og við treystum á jarðefnaeldsneyti erum við berskjölduð,“ sagði danski forsætisráðherrann Mette Fredriksen. Aukin vindorkuframleiðsla á næstu árum leysir þó ekki vandann sem nú steðjar að.

Hagsmunaaðilar og stjórnmálamenn víða í álfunni berjast nú fyrir því að gasvinnsla með vökvabroti (e. fracking) hefjist í stórum stíl til að takast á við orkukreppuna. Hún er bönnuð í mörgum Evrópuríkjum en Ungverjar hafa ákveðið að hefja vökvabrotsvinnslu. Bandaríkin stunda vinnslu með vökvabroti af krafti og hafa dregið mjög úr innflutningi á olíu þökk sé því.

Vökvabrot er gríðarlega mengandi og í rannsókn Cornell-háskóla frá 2019 kom fram að það væri valdur að meira en helmingsaukningu á útblæstri frá framleiðslu jarðefnaeldsneytis áratuginn á undan. Dæmi eru um að slík vinnsla valdi jarðskjálftum en hún útheimtir mikið af vatni og mengar grunnvatn sem rannsóknir benda til að auki líkur á hvítblæði hjá börnum. ■



Evrópusambandið leitar á náðir Norðmanna

Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ræddi í gær við Jonas Gahr Støre, forsætisráðherra Noregs, um orkumál í Evrópu. Í færslu á Twitter-síðu sinni skrifaði von der Leyen að Norðmenn hefðu aukið gasframleiðslu sína handa Evrópu og að Noregur væri „sannkallað akkeri fyrir orkuöryggi Evrópu“.

Frá því að Rússar skrúfuðu fyrir gasflutninga til Evrópu hefur Noregur tekið fram úr Rússlandi sem stærsti innflytjandi á gasi til Evrópu. Evrópuríkin hafa viðrað möguleikann á því að setja verðþak á gasi til þess að gera orkuverðið viðráðanlegra í vetur. Í viðtali við The Financial Times sagði Støre að Noregur útilokaði ekki slíkar fyrirætlanir en varaði ESB við aðgerðum sem kynnu að ógna framboðsöryggi í aðdraganda vetrar.

20% afsláttur

af öllum CALVIN KLEIN vörum

8. - 14. september

HAGKAUP

Ísland á mikið inni þegar kemur að nýsköpun

Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Þrjú íslensk nýsköpunarfyrirtæki hafa aflað erlendra styrkja upp á ríflega tvo milljarða króna á síðustu vikum. Sérfræðingur sem hefur unnið með íslenskum frumkvöðlum um árabil segir Ísland eiga mikið inni þegar kemur að nýsköpun sem tengist loftslagsvandanum.

Eitt vandasamasta verkefni nýsköpunarfyrirtækja er að tryggja nægilegt fjármagn til að þróa hugmyndir sínar áfram. Anna Margrét Guðjónsdóttir, eigandi Evris, hefur aðstoðað íslenska frumkvöðla við að fá erlenda styrki um árabil. Bara nú í sumar hefur Evris haft milligöngu um styrki upp á mörg hundruð milljónir króna fyrir íslensk nýsköpunarverkefni á þróunarstigi.

„Þessi þrjú verkefni sem fengu styrki í sumar, sem við áttum þátt í að afla, hafa tryggt sér samanlagt yfir 1,7 milljarða króna í styrki til áframhaldandi þróunar. Eitt þeirra fékk að auki vilyrði um hlutafé fyrir allt að milljarð frá Evrópska fjárfestingasjóðnum. Slíkir styrkir geta skipt sköpum fyrir framtíð þessara fyrirtækja.“

Til að afla slíkra styrkja þurfa fyrirtæki að fara í gegnum flókið umsóknarferli. Anna Margrét segir íslensk fyrirtæki misjafnlega í stakk búin til að fóta sig í þessu umhverfi.

„Erlendir styrkir, og þá einkum evrópskir, eru mikilvægur stuðningur við fyrirtæki í nýsköpun og geta skipt sköpum við að koma íslensku hugviti á alþjóðamarkaði. Verkefnin þrjú sem fengu styrki í sumar eru allt frá tækjum til lækninga til vindtúrbína. Svo er margt fleira í pípunum sem gaman verður að segja frá fljótlega,“ segir Anna Margrét.

„Við stofnuðum Evris fyrir tíu árum en árið 2016 varð ákveðinn vendipunktur í rekstri fyrirtækisins þegar við hófum samstarf við alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið Inspiralia Group. Það samstarf hefur síðan skilað gríðarlegum fjármunum og þekkingu inn í íslenskt nýsköpunarumhverfi.“

Anna Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Evris, segir eftir miklu að slægjast í erlendu styrkjaumhverfi sem tengist loftslagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Ég myndi vilja sjá Íslendinga setja enn meiri fókus á verkefni sem miða að því að draga úr losun.
>
> Anna Margrét Guðjónsdóttir, stofnandi Evris

Í dag segir Anna Margrét það vera sitt hlutverk að finna fyrirtæki og hugmyndir sem henta. Vakta þróunarsjóði, sóknaráætlanir landshluta og raunar allt það sem snertir umhverfi nýsköpunar hér á landi.

„Við erum sífellt að reyna að átta okkur á því hvaða fyrirtæki eiga möguleika á að fá styrki. Hvaða hugmyndir eiga möguleika á að ná flugi og höfða til fjárfesta. Með því að vera hluti af þessu alþjóðlega neti Inspiralia höfum við aðgang að ákveðinni fagþekkingu og gáttum inn á mikilvæga erlenda markaði.“

Anna Margrét segir Ísland enn eiga mikið inni þegar kemur að lausnum og verkefnum sem tengjast loftslagsvandanum. „Ég myndi vilja sjá Íslendinga setja enn meiri fókus á verkefni sem miða að því að draga úr losun. Þetta er svo stórt alþjóðlegt verkefni og það sem stjórnvöld um allan heim eru að setja á oddinn. Við Íslendingar höfum alla burði til að leggja okkar lóð á þessar vogarskálar og hugsa stórt.“Bestu fyrirtækin og bestu hugmyndirnar eiga um þessar mundir betri möguleika en áður á að sækja um alla þessa alþjóðlegu styrki sem bjóðast að mati Önnu Margrétar. ■

Hljóðritasjóður

Umsóknarfrestur er til kl. 15:00, 15. september 2022

Auglýst er eftir styrkumsóknum í Hljóðritasjóð. Veittir eru styrkir til að taka upp nýja, frumsamda íslenska tónlist.

Styrkir eru veittir til ákveðinna verkefna að hámarki til eins árs.

Umsóknum og lokaskýrslum skal skilað rafrænt.

Hafi umsækjandi hlotið styrk áður þarf loka- eða áfangaskýrsla að hafa borist sjóðnum til að ný umsókn verði tekin til umfjöllunar. Framhaldsstyrkir eru ekki veittir til verkefna sem áður hafa hlotið styrk úr sjóðnum. Útgáfa má ekki hafa átt sér stað áður en umsókn um styrk berst Hljóðritasjóði.

Umsóknargögn eru á rannis.is. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári í mars og september.

Rannís, Borgartúni 30, sími 515 5838, hljodritasjodur@rannis.is.

Hlutverk Hljóðritasjóðs er að efla íslenska hljóðritagerð í tónlist til útgáfu.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Stefna að því að auka vöruframboð

magdalena@frettabladid.is

Guðrún Gunnarsdóttir, deildarstjóri heilbrigðisdeildar Fastus, segir að fyrirtækið geti þjónustað allar heilbrigðisstofnanir í landinu en fyrirtækið starfar mikið á heilbrigðissviði og sérhæfir sig í að flytja inn heilbrigðisvörur og selja til heilbrigðisstofnana. Fyrirtækið er einnig einn af stærri innflytjendum á vörum fyrir fyrirtæki sem selur hótelum og veitingahúsum stóreldhústæki.

Stærsta deildin er heilbrigðisdeildin sem hefur vaxið með heilbrigðisgeiranum í landinu.

„Þetta er frábært svið þar sem okkar félag hefur þróast með framþróun í lækningum. Við þurfum alltaf að vera á tánum gagnvart þróuninni og vera tilbúin að mæta breyttri eftirspurn,“ segir Guðrún og bendir á að mikill vöxtur sé fram undan í Fastus og fyrirtækið stefni að því að fjölga starfsfólki og auka við þjónustuna enn frekar.

„Á næsta ári munum við flytja í stærra húsnæði sem gerir okkur kleift að bæta við vöruúrvalið okkar. Við stefnum aftur á móti ekki á útrás að sinni og erum í stakk búin til að veita úrvalsþjónustu fyrir nýja spítalann sem nú rís.“

Fastus var stofnað árið 2006 og störfuðu þá þrettán manns hjá fyrirtækinu en nú er fyrirtækið með 60 starfsmenn.

Guðrún hefur komið að stofnun fjölmargra fyrirtækja, bæði hér á landi og í Bandaríkjunum, en hún hóf innflutning á heilbrigðisvörum árið 1992.

Guðrún Gunnarsdóttir, deildarstjóri heilbrigðisdeildar Fastus, segir að fyrirtækið stefni að því að flytja í stærra húsnæði. MYND/AÐSEND

„Á þeim tíma kom upp í hendurnar á mér umboð fyrir lækningavörum og ég lagðist yfir allt sem tengdist rekstri heilbrigðisfyrirtækja. En ég ákvað að prufa eitthvað nýtt árið 1996 og flutti til Virginíu í Bandaríkjunum og var þar í fimm og hálft ár. En kom þá heim aftur og hóf störf hjá A. Karlssyni.“

Í apríl 2006 urðu miklar breytingar hjá A. Karlssyni og ákvað Guðrún að hætta og stofna Fastus ehf. ásamt félögum sínum.

„Síðan þá hefur fyrirtækið vaxið mikið á hverju ári og við stofnendurnir seldum svo fyrirtækið til ÍSAM og hafa nýir eigendur reynst félaginu mjög vel,“ segir Guðrún.

„Við seldum félagið 2014 en ég fylgdi áfram með sem stjórnandi og hlakka til að mæta í vinnuna á hverjum degi.“ ■

Verð áður 38.900 kr. / **Tilboð: 30.000 kr.**

Verð áður 43.890 kr. / **Tilboð: 29.000 kr.**

Verð áður 39.900 kr. / **Tilboð: 29.000 kr.**



Verð áður 39.900 kr. / **Tilboð: 19.900 kr.**

Verð áður 59.900 kr. / **Tilboð: 49.000 kr.**

Verð áður 39.900 kr. / **Tilboð: 29.900 kr.**

Verð áður 25.900 kr. / **Tilboð: 19.900 kr.**



Verð áður 24.900 kr. / **Tilboð: 18.900 kr.**

Verð áður 89.500 kr. / **Tilboð: 65.000 kr.**

PFAFF • Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • www.pfaff.is • OPIÐ virka daga 10–18. Lokað um helgar.

Skiptar skoðanir

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er áhyggjuefni að ítrekað sé farið á hendur stjórnmálaöflum hér á landi með alvarlegum hótunum og þaðan af verri dólgshætti, en dæmi í þessa veru eru að verða býsna algeng á síðari tímum.

Nú síðast voru stofnanda Sósíalistaflokks Íslands settir afarkostir, en annað tveggja léti hann af yfirlýsingum sínum í ræðu og riti, ellegar hann mætti hafa verra af – og sá sem hafði í þessum hótunum lét að því liggja að hann vissi vel hvar fjölskylda sósíalistaforingjans hefðist alla jafna við, og mátti túlka þau orð ritsubbunnar að hún myndi allt eins láta til skarar skríða einn daginn.

Áður hafa aðrir flokkar landsins mátt sæta álíka yfirgangi, þar á meðal með skotárásum á höfuðstöðvar sínar og nægir þar að benda á atvik tengd Samfylkingunni, Sjálfstæðisflokknum og Pírötum, en þá fyrst stóð fólki kannski ekki á sama þegar skotárás var gerð á einkabifreið borgarstjóra við heimili hans í Þingholtunum.

Það ber að taka þessar hótanir alvarlega, að ekki sé talað um aðgerðirnar þegar látið er til skarar skríða. Í öllum tilvikum er um aðför að einni meginstoð samfélagsins að ræða, lýðræðinu, sem er þegar allt kemur til alls, einn ríkasti þátturinn í sjálfsvitund þjóðarinnar og hugmynd hennar um réttlæti og sanngirni. Auðvitað geta menn verið ósáttir við lýðræðislega framvindu, að ekki sé talað um niðurstöður einstaka kosninga, en meginatriðið í kröftugu og áhugaverðu lýðræðissamfélagi er að þar geti fólk og flokkar þeirra komið ólíkum sjónarmiðum sínum á framfæri og tekist á um það á málefnalegan hátt hvað sé landi og þjóð fyrir bestu, heima fyrir og á alþjóðavísu.

Og í því efni er ekki einungis knýjandi heldur líka beinlínis nauðsynlegt að öll stjórnmálaflóran fái notið sín í ábyrgum og uppbyggjandi málflutningi fyrir umbótum, ellegar viðvarandi ástandi, kjósi menn svo.

Þarna er komin dýnamíkin sem dregur vagninn í þeim lýðræðissamfélögum þar sem almenningur á hvað greiðastan aðgang að áhrifum og eiginlegum völdum í landinu. Árásir og aðdróttanir um líkamsmeiðingar á hendur ólíkum flokkum og foringjum þeirra er yfirlýsing um að snúa af braut lýðræðis og tjáningarfrelsis þar sem menn geta um frjálst höfuð strokið í skoðanaskiptum sínum. Yfirgangur af þessu tagi er krafa um eina skoðun – og enga aðra. Og tilraunir af því tagi eru á ruslahaugi sögunnar. ■

Þarna er komin dýnamíkin sem dregur vagninn í þeim lýðræðissamfélögum þar sem almenningur á hvað greiðastan aðgang að áhrifum og eiginlegum völdum í landinu.

Halldór

Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Sjónvarp ársins
Leikur íslenska landsliðsins í fótbolta við Holland í fyrrakvöld hélt þjóðinni í heljargreipum. Okkar konur áttu vægast sagt í vök að verjast, sérstaklega í fyrri hálfleik þar sem hvert kraftaverkið á fætur öðru kom í veg fyrir að Hollendingar kæmust yfir og settu íslenska liðið í þá stöðu að komast ekki beint á HM heldur fara erfiða fjallabaksleið í úrslitakeppnina. Svo hart var sótt að okkar konum að það var ekki fyrr en tvær mínútur voru eftir af uppbótartímanum að maður fór að hafa trú á því að liðið myndi ná að hanga á jafnteflinu. Sú trú entist í fimmtán sekúndur.

Karlar sem horfa á konur
Morguninn eftir leikinn var leikurinn krufinn af knattspyrnuspekingum á kaffistofum landsins. Fór karlpeningurinn þar mikinn og hafði skýringar á reiðum höndum eins og alla aðra daga. Leikur Íslendinga var sagður hafa verið hörmulegur og þjálfarinn fékk falleinkunn. Snúið færi sem okkar lið fékk var sagt hafa verið dauðafæri og var á mannskapnum að skilja að þar hefði meðaljóninn skorað af öryggi. Fæstir hafa þó þessir spekingar spilað leik þar sem tuttugu þúsund manns gera að þeim hróp og þátttökuseðill á HM er undir og hundruð milljóna króna að auki. ■

Fjárfestum í framtíðinni og framkvæmum núna

Sigríður Hrund Pétursdóttir
stjórnarformaður FKA, Félags kvenna í atvinnulífinu

Framtíðin er mætt – hlaðin reynslu og þekkingu fyrri tíma sem varðar leið þjóðarinnar til að ná árangri sem eitt atvinnusvæði. Forsenda heildstæðs atvinnusvæðis er framúrskarandi aðgengi að tæknilausnum og innviðum svo landsbyggðirnar allar, íbúar landsins, geti sótt sér menntun og atvinnu við hæfi óháð staðsetningu og skapað okkur samkeppnisforskot í alþjóðaþorpinu. Samfélagið í heild tapar á einsleitni og lykillinn að velgengni eru nýjar skapandi nálganir. Breidd í lýðbreytum á borð við aldur, kyn og uppruna er atvinnulífinu lífsnauðsynleg sem grunnstoð grósku, nýsköpunar og sjálfbærni.

Það þarf þorp til að ala upp barn og í þessu þorpi styðjum við hvert annað og lærum af hvert öðru. Konur á Íslandi eru rétt tæplega helmingur virks vinnuafls og 18,6% þeirra teljast innflytjendur. Fjölbreytileiki íbúa landsins er raunveruleiki og styrkur. Það skiptir sköpum að konur og reyndar öll kyn hafi jafnt aðgengi að fjármagni, ákvörðunartöku og valdi í stofnunum og fyrirtækjum landsins, óháð atvinnuvegum. Áskorunin er ávallt sú sama – að við fáum öll jöfn tækifæri.

Ákvörðunin um jafnrétti hefur verið tekin á Íslandi og nauðsynlegar aðgerðir eins og jafnt fæðingarorlof, jafnlaunavottun, niðurgreidd dagvistun og hlutfallskvóti kynja hafa rutt brautina þar sem jafnréttið er ekki meðfætt og sjálfvirkt heldur meðvituð og markviss ákvörðun. Ísland er á fullri jafnréttisvegferð og þrotlausar æfingar munu skila framúrskarandi niðurstöðu. Af hverju?

Af því við lifum jú samfélagið sem við viljum vera. Framtíðin er núna og framkvæmdin okkar. Hlúum að barninu í okkur öllum, verum virkir þorpsbúar, fjárfestum jafnt í öllum lýðbreytum og stundum linnulausar æfingar í jafnrétti á degi hverjum með markvissum mælanlegum aðgerðum. Ísland er skást í heimi í jafnréttismálum og stefnir á afburðamennsku – eins og á öðrum sviðum. Áfram Ísland! ■

Áskorunin er ávallt sú sama – að við fáum öll jöfn tækifæri.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Spurningin sem enginn spyr

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Síðustu mánuði hefur veðrið vikið fyrir vöxtunum, sem helsta umræðuefni daglegs lífs.

Forysta verkalýðsfélaganna birtir reglulega svimandi útreikninga um áhrif vaxtahækkana á heimilin. Enginn getur andmælt þeim.

Sagan endurtekur sig. Verðbólgan þrengir mest að þeim sem lakast eru settir.

Svarið

Seðlabankinn segir að þetta sé vopnið sem bíti. Það er kórrétt.

Forysta verkalýðsfélaganna vill grípa til annarra vopna. Andsvarið er þó auðvelt. Horfið bara á efnahagslegu ringulreiðina í Tyrklandi þar sem aðrar leiðir voru reyndar.

Til þess að sætta lágtekjuheimilin og lítil og meðalstór fyrirtæki við vaxtahækkanir Seðlabankans svarar ríkisstjórnin því til að vextir hækki líka í útlöndum. Það er rétt.

Spurningin

Spurningin sem enginn spyr er hins vegar þessi: Hvers vegna þarf vaxtavopnið í íslenska krónuhagkerfinu að bíta tíu sinnum fastar en í danska krónuhagkerfinu þegar verðbólga er nánast sú sama í báðum hagkerfunum?

Kannski er hitt þó enn stærri spurning: Hvers vegna hefur ríkisstjórnin ekki skýrt þennan mikla mismun út fyrir launafólki og stjórnendum lítilla og meðalstórra fyrirtækja?

Ríkisstjórnin þarf ekki að skýra þetta út fyrir þeim stóra hluta fyrirtækja, sem hefur yfirgefið krónuhagkerfið. Þau taka lán í erlendum myntum og kæra sig kollótt um þessa mismunun. Hún bitnar aðallega á starfsfólki þeirra.

Ójöfnuður

Þessi mismunun skerðir lífskjör heimila á Íslandi í ríkari mæli en í grannríkjunum. Hún veikir um leið samkeppnisstöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum.

Samkeppnisstaða fyrirtækjanna utan krónuhagkerfisins, sem geta tekið erlend lán, raskast hins vegar minna. Þetta er eina sjáanlega skýringin á því að ríkisstjórnin kemst upp með að loka augunum fyrir þessum alvarlega ójöfnuði í þjóðarbúskapnum.

Ef þessi fyrirtæki hefðu þurft að þola sömu vaxtahækkanir og heimilin hefði forysta atvinnulífsins brýnt raustina fyrir löngu.

En eru ekki bara eðlilegar skýringar á þessum mun á vaxtahækkunum hér og í Danmörku? Jú, vitaskuld.

Spurningin er aftur á móti sú hvort þær eru þess eðlis að við sannfærumst um að þær þjóni hagsmunum íslenskra heimila í bráð og lengd.

Skýringar

Almenna skýringin er sú að það leiði einfaldlega af eðli hlutanna að vextir þurfi að vera hærri í svo litlu peningakerfi. Það er rétt.

Andsvarið er bara þetta: Fá heimilin eitthvað í staðinn, sem vegur ójöfnuðinn upp? Ríkisstjórnin hefur ekki sýnt fram á það.

Önnur skýring er sú að hagvöxtur sé svo mikill. Um þessar mundir er hagvöxturinn sá sami hér og í Danmörku. Í fyrra var hagvöxtur að meðaltali heldur meiri á evrusvæðinu en í ár hefur Ísland sigið fram úr því meðaltali. Þetta er alltént ekki fullnægjandi skýring á tíföldum mun.

Svo

Svo er sagt að vextir þurfi að vera hærri hér af því að þeir bíta ekki á þau fyrirtæki sem taka erlend lán. Þetta er rétt. Spurningin er: Þurfa heimilin að sætta sig við þann ójöfnuð eins og lögmál náttúrunnar?

Eins er á það bent að vextir þurfi að vera hærri hér til þess að laða erlent fjármagn inn á verðbréfamarkaðinn. Þetta er líka rétt.

En spurningin er aftur: Af hverju eiga íslensk heimili að sætta sig við að borga útlendum fjármagnseigendum vexti, sem heimilin í þeirra eigin löndum eru ekki tilbúin til að greiða?

Skýringarnar eru að einhverju eða öllu leyti skotheldar. Þær vekja bara erfiðar spurningar. Þess vegna forðast ríkisstjórnin að ræða þær.

Framtíðarsýn

Af hverju í ósköpunum jöfnum við ekki stöðu heimilanna og lítilla og meðalstórra fyrirtækja með því að tengjast erlendri mynt eða ganga í alþjóðlegt myntbandalag? Það gera ekki bara flestar þjóðir af sömu stærð heldur líka þær stærri.

Árum saman hefur svarið verið: Það tekur tíma. Við viljum gera eitthvað strax. En heimilin sitja enn í sama farinu af því að skjóta varanlega heimatilbúna töfralausnin er ekki til.

Er ekki kominn tími á kerfisbreytingu, sem byggir á framtíðarsýn? Forysta launafólks og stjórnendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja mættu spyrja þannig. ■

VINNINGASKRÁ

9. flokkur 2022
Útdráttur 6. september 2022

HAPPDRÆTTI SÍBS

Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000

66984

AUKAVINNINGAR kr. 100.000

66983 66985

PENINGAVINNINGAR kr. 500.000

20028 23552 26903 37562 44646 56154 58405 59884 65037 78652

PENINGAVINNINGAR kr. 100.000

609	5724	10008	11848	19451	24207	29225	34882	40196	48283	56508	61123	70742	74579	78363
1079	6134	10206	13161	21576	25239	29292	35680	40355	49044	58782	61159	71418	75201	78804
1288	6243	10363	13870	23137	25417	31545	35838	42068	49771	58867	62772	72092	75560	
1432	6744	10728	15154	23228	25739	31779	36391	42563	53294	58897	63438	72814	76430	
3088	7039	10769	16583	23526	26599	32968	37658	42594	53708	58924	64683	73468	76791	
5082	8721	10795	17336	23753	27773	33945	38673	45963	55263	59087	69376	73917	77153	
5107	9810	10981	18476	24094	28414	34650	39079	47392	55479	59270	69748	74094	77273	

PENINGAVINNINGAR kr. 50.000

463	5643	8855	13986	18303	23917	29594	35104	40442	45323	50584	54024	56930	59819	66512	72681	78123
1932	5922	9106	14139	18497	24155	30694	35411	40776	46387	50780	54499	56977	59992	66774	72925	78398
2388	6109	9142	14468	19145	24240	30896	35537	42504	46543	50939	54828	57499	60262	67327	73424	78605
3057	6376	9254	14766	19203	24551	31308	36512	42744	47407	51988	54980	57533	60517	67985	73961	78891
3292	6558	9349	14825	19497	25058	31502	36629	42935	48310	52072	55095	57909	60559	68397	73974	78975
3526	6565	10244	15842	20438	25318	31788	36696	43044	48465	52596	55166	58251	61171	68429	74298	79064
4138	7253	10751	16930	21675	25338	32291	38330	43471	48789	52600	55475	58429	61558	68502	75842	79887
4461	7401	11089	17150	21767	25753	32773	38602	43479	48922	52689	55568	58535	61933	68511	76660	79942
4896	7702	11798	17690	22670	27213	33025	38736	43533	49209	52804	55698	58698	64392	70102	76834	
5025	7814	11843	17785	22943	27318	33356	39831	44105	49678	53063	55807	59047	64453	71140	76993	
5259	8623	12569	17920	23393	29357	33517	39928	44657	49731	53674	55877	59128	65270	71609	77830	
5364	8696	13528	18159	23418	29466	34085	40352	44986	50398	53976	56318	59389	66050	72006	77918	

VÖRUÚTTEKT kr. 30.000

35	3733	9075	12942	18823	23627	28594	34002	40016	44400	49469	54507	58106	62588	67317	72651	78557
147	3819	9096	13089	18880	23955	28848	34267	40074	44469	49749	54550	58447	62697	67318	72700	78664
157	4155	9100	13772	19069	24012	29297	34292	40085	44476	49878	54578	58494	62892	67418	72731	78853
415	4168	9163	13873	19100	24063	29343	34355	40275	44497	50216	54649	58555	62942	68084	72733	78896
423	4175	9166	13920	19175	24202	29542	34461	40390	44500	50277	54920	58559	63031	68098	73012	78931
442	4193	9171	13926	19363	24252	29604	34677	40450	44570	50313	54932	58830	63113	68357	73155	79072
490	4217	9292	13963	19378	24276	29633	34931	40500	44575	50344	54984	58991	63130	68483	73198	79082
592	4542	9322	13997	19446	24280	29815	34980	40579	44620	50403	55009	59099	63178	68539	73318	79286
778	4837	9446	14203	19589	24559	29979	35033	40648	44709	50513	55025	59109	63317	68546	73478	79498
859	4901	9651	14262	19743	24684	30130	35082	40832	44786	50742	55105	59293	63671	68595	73493	79696
953	4928	9720	14310	19941	24756	30358	35152	40884	45176	50755	55164	59306	63672	68604	73565	79761
1159	5253	9874	14529	19976	24775	30364	35198	40894	45202	50785	55269	59311	63705	68745	73720	79843
1172	5430	10024	14560	20035	25059	30439	35201	40942	45349	51094	55300	59453	63976	68871	73761	
1482	5486	10213	14683	20176	25387	30446	36225	41127	45643	51264	55410	59695	64034	69205	73860	
1501	5545	10289	14717	20221	25434	30453	36658	41187	45996	51331	55590	59849	64054	69307	73867	
1526	5602	10327	14793	20792	25614	30477	36697	41278	46266	51343	55641	59865	64226	69330	73922	
1597	5617	10457	14813	20819	25648	30712	36748	41292	46328	51380	55668	59899	64238	69495	74150	
1692	5770	10502	14896	20846	26092	30929	36989	41383	46592	51399	55836	60135	64250	69535	74333	
1814	5788	10568	14925	20919	26276	30955	37532	41469	46606	51414	55956	60137	64294	69685	74736	
1875	5861	10700	15368	20963	26359	31014	37580	41479	46912	51652	56005	60147	64548	69844	74741	
1933	6088	10889	15496	20993	26626	31073	37721	41736	47088	51692	56223	60195	64809	70017	74817	
2123	6099	10908	15682	21068	26713	31084	37755	41745	47121	51739	56355	60310	65079	70118	75173	
2161	6327	11115	15734	21140	26810	31148	38107	41847	47286	51805	56529	60338	65321	70402	75319	
2253	6391	11128	16199	21161	26893	31637	38120	42338	47313	51848	56639	60478	65379	70424	75460	
2347	6487	11217	16242	21302	27085	31850	38170	42352	47350	51905	56721	60493	65451	70462	75571	
2605	6507	11326	16298	21405	27278	31857	38206	42368	47383	52092	56829	60624	65458	70491	75648	
2711	6596	11341	16819	21581	27295	32092	38263	42502	47441	52525	56840	60716	65552	70499	75696	
2721	6787	11359	16933	21588	27323	32109	38473	42606	47464	52548	56906	60949	65667	70517	75732	
2726	6896	11456	17262	21770	27431	32125	38654	42773	47547	52584	56913	61149	65752	70519	75789	
2865	6930	11586	17286	21820	27444	32156	38713	42792	47721	52604	56993	61158	65818	70690	76057	
2995	7059	11667	17381	21851	27472	32174	38831	42804	47867	52791	57215	61287	66062	70859	76146	
3065	7177	11701	17592	21882	27543	32320	39024	43163	48089	52813	57231	61393	66094	70999	76154	
3074	7412	11764	17719	22226	27559	32542	39178	43395	48221	52910	57476	61434	66155	71055	76428	
3150	7436	11879	17939	22344	27721	32792	39229	43396	48303	52969	57534	61466	66246	71357	76461	
3205	7444	12164	17964	22408	27753	32793	39292	43447	48331	53032	57573	61530	66269	71651	76604	
3307	7450	12192	18018	22432	27759	32893	39332	43463	48362	53927	57721	61818	66290	71678	76959	
3357	7518	12193	18178	22662	27777	33002	39333	43520	48633	53991	57790	61931	66307	72180	77152	
3402	7948	12229	18359	22786	27799	33124	39364	43598	48657	54041	57814	61985	66404	72267	77616	
3419	7998	12368	18696	22841	27954	33362	39384	43708	48664	54051	57845	62140	66519	72294	77766	
3432	8028	12406	18704	22990	28033	33566	39420	43881	48666	54099	57892	62212	66560	72352	77788	
3631	8061	12450	18714	23174	28207	33570	39669	44149	49363	54323	57945	62225	66642	72386	77899	
3633	8228	12489	18719	23543	28387	33624	39686	44187	49397	54363	57991	62310	67104	72493	77950	
3660	8468	12503	18724	23573	28529	33781	39972	44254	49468	54462	58017	62509	67241	72534	78383	

PENINGAVINNINGAR kr. 25.000

38	4397	9185	14113	18468	23521	27658	31110	35528	41518	46037	51549	56070	61313	66714	71524	75978
133	4536	9303	14161	18486	23595	27810	31131	35588	41607	46200	51584	56165	61319	66887	71574	76160
141	4567	9333	14183	18531	23636	27825	31290	35685	41647	46583	51651	56173	61338	66930	71577	76176
158	4792	9402	14464	18726	23726	27883	31315	35900	41650	46613	51669	56259	61676	67058	71793	76348
189	5019	9432	14506	18859	23728	27889	31515	36011	41909	46689	51688	56561	61705	67267	71865	76406
205	5246	9496	14561	18889	23872	27972	31564	36263	42023	46693	51704	56659	61742	67292	72151	76574
274	5248	9601	14576	19097	23967	28004	31646	36317	42065	46698	51941	56815	61801	67378	72152	76725
315	5298	9688	14660	19655	24024	28044	31697	36326	42079	46755	51960	56959	61844	67432	72171	76727
395	5308	9852	14836	19747	24031	28186	31718	36360	42156	46914	52102	56984	61873	67560	72315	76756
450	5524	10006	14845	19964	24086	28281	31776	36393	42200	46973	52172	57171	62029	67705	72336	76796
485	5542	10182	14852	20182	24272	28452	31860	36486	42454	46984	52373	57245	62168	67755	72449	76810
526	5661	10204	14973	20292	24304	28520	32067	36567	42503	47007	52409	57313	62297	67860	72452	76933
691	5680	10219	15013	20444	24331	28527	32241	36689	42582	47021	52586	57360	62466	67862	72475	76963
896	5728	10288	15156	20529	24636	28578	32471	36739	42753	47030	52647	57659	62565	67874	72537	77053
919	5813	10367	15258	20657	24762	28621	32495	37040	42936	47100	52770	57738	62621	68081	72556	77121
1097	5847	10619	15270	20788	24902	28759	32534	37191	42958	47145	52790	57974	62716	68083	72679	77268
1231	5865	10635	15311	20866	24942	28784	32700	37234	42966	47263	52803	57980	63013	68135	72694	77285
1285	6173	10695	15420	20881	25170	28802	32985	37508	43054	47419	52856	58005	63018	68302	72797	77629
1364	6284	10856	15497	20965	25217	28868	32989	37589	43072	47946	53020	58108	63304	68421	72815	77675
1425	6297	10903	15725	21123	25401	28917	33052	37869	43107	48323	53233	58146	63506	68613	72860	77796
1571	6450	11203	15745	21145	25411	28970	33135	38010	43248	48531	53272	58276	63542	68690	73064	78105
1583	6469	11478	16013	21175	25464	28993	33204	38092	43349	48757	53298	58368	63656	68698	73171	78142
1690	6603	11551	16247	21314	25492	29005	33272	38262	43540	48779	53548	58382	63694	68711	73297	78152
1733	6746	12049	16270	21359	25543	29008	33368	38351	43618	48819	53901	58496	63769	68911	73417	78165
1758	6832	12170	16277	21444	25577	29037	33498	38378	43655	48847	54154	58571	63843	69063	73616	78195
1781	6883	12214	16280	21514	25689	29042	33548	38488	43769	49015	54163	58596	63846	69077	73795	78229
1885	6973	12379	16510	21548	25737	29064	33553	38513	43877	49101	54213	58665	63893	69160	73820	78328
1973	7413	12384	16668	21726	25752	29145	33582	38544	43905	49214	54464	58901	64049	69209	73821	78357
2257	7420	12594	16698	21751	25913	29183	33728	38575	44180	49517	54487	58940	64131	69242	73903	78438
2300	7430	12662	16795	21861	26054	29194	33738	38642	44310	49547	54653	59027	64176	69355	73948	78445
2338	7478	12701	16835	21898	26171	29278	33888	38878	44391	49579	54718	59110	64262	69365	74003	78502
2427	7772	12940	16893	22000	26463	29316	34166	38883	44408	49704	54824	59399	64293	69471	74076	78695
2550	7776	12976	16980	22174	26727	29363	34216	39040	44747	49708	54892	59528	64334	69590	74102	78871
2631	7829	13086	17008	22474	26790	29773	34350	39425	44780	49809	54957	59645	64444	69597	74115	78885
2635	7857	13107	17290	22649	26812	29797	34458	39817	44794	49851	54987	59793	64567	69679	74142	79035
2659	7925	13115	17469	22753	26820	29807	34592	39845	44941	49934	55078	59932	64662	69851	74208	79055
2660	7974	13165	17499	22834	26904	29888	34691	39884	45021	50083	55218	59934	64907	69947	74353	79113
2718	8043	13205	17522	22889	26915	29893	34801	40070	45102	50283	55235	60060	65246	69972	74361	79273
2831	8166	13281	17551	23053	26974	29906	34937	40159	45109	50347	55252	60081	65272	70116	74427	79282
2862	8312	13331	17771	23072	27088	29919	34963	40214	45118	50399	55258	60255	65310	70221	74896	79347
2984	8490	13343	17983	23126	27147	29930	34969	40216	45190	50439	55265	60348	65396	70380	74948	79496
3221	8576	13373	17986	23134	27241	30273	35086	40475	45237	50442	55334	60486	65574	70419	75021	79604
3227	8602	13455	18027	23167	27254	30352	35158	40561	45396	50734	55372	60704	65799	70592	75054	79755
3337	8822	13481	18194	23213	27433	30480	35229	40624	45572	50763	55400	60735	65829	70627	75274	79799
3547	8893	13609	18197	23281	27498	30674	35362	40644	45652	50952	55404	60740	65852	70661	75282	79880
3850	8952	13831	18226	23282	27558	30708	35424	40645	45792	51057	55547	60859	66147	70696	75341	79915
4046	8973	14002	18387	23315	27575	30954	35440	40758	45813	51083	55796	61041	66205	70793	75610	79930
4085	9104	14038	18394	23384	27581	30991	35486	40839	45965	51136	55831	61229	66672	71291	75614	79943
4121	9184	14096	18406	23420	27603	31019	35526	41223	46031	51315	55914	61307	66693	71294	75756	

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. september 2022
Birt án ábyrgðar um prentvillur

Við eigum embætti þjóðminjavarðar

Sigurjón Baldur Hafsteinsson
prófessor við Háskóla Íslands

Það voru sorgleg tíðindi fyrir fólkið í landinu þegar fréttist að menningar- og viðskiptaráðherra hefði skipað í stöðu þjóðminjavarðar. Skipanin var án auglýsingar og hafa einu „rök“ ráðherra fyrir henni verið þau að heimild hafi verið til þess samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og að sú sem skipuð var sé hæf til starfsins.

Ráðherra hefur sagt í viðtölum að til þess að tryggja faglegt mat, endurnýjun og gagnsæi í opinberri stjórnsýslu þurfi að auglýsa í opinber embætti. Ráðherra sér hins vegar ekkert athugavert við þá hugmynd í ljósi eigin yfirlýsinga að „taka safnstjóra úr einu höfuðsafni yfir í það næsta“, eins hún orðaði það í viðtali við Kjarnann. Hvernig það tryggir faglegt mat, endurnýjun eða gagnsæi er ósagt látið af hennar hálfu. Félag íslenskra safna og safnmanna, Íslandsdeild ICOM, starfsmannafélag Þjóðminjasafnsins og félög sagnfræðinga, þjóðfræðinga og fornleifafræðinga hafa sent frá sér yfirlýsingar vegna málsins og harmað gjörninginn. Nýbúin að ræna félagsmenn þessara félaga og annarra tækifæri til að sækja um embættið ætlar ráðherra að hitta þessa gagnrýnendur sína og spyrja einlæglega: Hvað er hægt að gera betur? Eru einhver ný tækifæri í stöðunni? Eða með öðrum orðum, ráðherra vill að fólk sætti sig við stuldinn og geri bara gott úr þessu.

Ráðherra hefur hingað til haldið því fram að honum sé þetta lagalega heimilt. En er það svo einfalt? Fram að þessu er það ósagt hjá ráðherra hvernig skipanin samrýmist nýlega samþykktum siðareglum ráðherra. Í reglunum segir meðal annars að ráðherra eigi að sinna starfi sínu af sanngirni, huga að hagsmunum almennings og gæta jafnræðis og hlutleysis. Með skipan sinni í embætti þjóðminjavarðar blasir það við að ráðherra hefur þverbrotið þessi ákvæði með því að auglýsa ekki starfið.

Þó svo að ráðherra beri ábyrgð á skipaninni er hún ekki alveg ein í að undirbyggja valdníðsluna. Að baki hennar stendur ráðuneytið. Í siðareglunum er að finna sérstaka grein um ráðherra og starfslið hans. Þar segir að ráðherra eigi að leita faglegs mats starfsmanna ráðuneytisins áður en ákvarðanir eru teknar um einstök mál og virðist ráðherra hafa gert það. Í viðtali í morgunútvarpinu 31. ágúst á RÚV segir ráðherra eftirfarandi: „Við fórum í það að skoða reynslu stjórnenda vítt um völlinn og þess vegna komumst við að þessari niðurstöðu.“ Þessi „við“ sem ráðherra nefnir ímynda ég mér að sé fólk innan ráðuneytisins. Nú spyr maður sig: Af hverju fóru þau í það að leita að einstaklingi í stöðu þjóðminjavarðar? Hvaða hópur af fólki var þetta sem var í leitinni? Hversu lengi stóð þessi leit yfir? Hvaða heimild hafa þau til að taka það upp hjá sjálfum sér að leita? Hver var þessi „völlur“ sem leitað var á? Hvaða viðmið notaði leitarhópurinn til að meta þá sem komu til greina – og hverjir komu til greina? Voru tekin viðtöl við þá sem þau fundu og þurftu þeir einstaklingar sem komu til greina að lýsa sýn sinni á embættið og verkefnin fram undan? Í siðareglunum segir að ráðherra eigi ekki að synja um aðgang að upplýsingum sem varða almannahag, og að ráðherra og starfsmenn ráðuneytisins eigi að gera upplýsingar aðgengilegar. Á þeim forsendum væri gagnlegt að fá opinberlega skýr og nákvæm svör við ofantöldum spurningum frá þessum aðilum og er hér með óskað eftir þeim.

> Embætti þjóðminjavarðar er eign íslensku þjóðarinnar og það skiptir hana þar með máli hvernig því embætti er ráðstafað.

Fáum kom það til hugar að ráðherra myndi ganga fram með þeim hætti sem hún hefur gert og hunsa sanngirni, jafnræði og hlutleysi gagnvart fólkinu í landinu, sem og alla varnagla sem lög og reglur hafa sett gegn geðþóttaákvörðunum stjórnmálamanna við veitingu embætta. Embætti þjóðminjavarðar er eign íslensku þjóðarinnar og það skiptir hana þar með máli hvernig því embætti er ráðstafað. Að ráðherra skuli kasta eign sinni á embættið og skipa í það með þeim hætti sem gert var er andlýðræðislegt, sannarlega misbeiting valds og brot á því trausti sem fólk hefur sýnt ráðherra og starfsliði hennar hingað til fyrir því umboði að ráða í starf þjóðminjavarðar. ■

Skipulagsauglýsing

Aðalskipulag

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

Breyting á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 Norður Botn

Breytingin varðar landnotkun svæða í landi Norður-Botns þ.e. iðnaðarsvæði I3 og I11, efnistökusvæði E3 og E6 ásamt þjóðvegi nr. 63, Bíldudalsvegur. Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að auka framleiðslugetu fiskeldisstöðvarinnar í Norður-Botni og skýra hvar framleiðsla skuli staðsett. Samhliða breytingu aðalskipulagsins er unnin tillaga að breytingu deiliskipulags seiðaeldisstöðvar í landi Norður-Botns.

Breyting á deiliskipulag fyrir Norðurbotn

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Norður Botn.

Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs út fyrir stórstraumsfjöru. Byggingarmagn á byggingarreit I, Norður-Botn fer úr 8.000 m² í 40.000 m², hámarks ársframleiðsla fer úr 200 tonnum í 2200 tonn. Byggingarmagn á byggingarreit II, Keldeyri fer úr 8.000 m² í 5.000 m², ársframleiðsla er óbreytt 200 tonn.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Strandgötu 38 frá og með fimmtudeginum 16. september til 28. október 2022. Þær verða einnig til sýnis á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps, www.talknafjordur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við til 28. október 2022.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38, 460 Tálknafirði.

Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps
Óskar Örn Gunnarsson

Að hlaupi loknu

Birna Einarsdóttir
bankastjóri Íslandsbanka

Eftir tveggja ára hlé var komið að því að reima á sig hlaupaskóna þegar Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka var haldið í 37. skipti þann 20. ágúst síðastliðinn. Stemningin var að vanda einstök þegar hlauparar lögðu af stað úr Lækjargötunni þrátt fyrir að vindar blésu.

Íslandsbanki hefur verið stuðningsaðili hlaupsins í 26 ár og ég var stolt þegar ég horfði á alla þessa þátttakendur þeysast um borgina og ekki síður ánægð með stuðning og hvatningu íbúa. Hvatning Vesturbæinga og Seltirninga er órjúfanlegur þáttur í þessu ævintýri þegar íbúar storma út á götur til að hvetja hlaupara sem fara fram hjá. Ég veit að íbúar í öðrum hverfum láta sitt ekki eftir liggja en ég hef aldrei náð að hlaupa lengra en þennan Vesturbæjarhring.

Fyrir utan að vera stórt lýðheilsuverkefni þar sem þúsundir taka þátt eftir oft ströng undirbúningstímabil er þetta líka stærsta góðgerðarsöfnun landsins. Þegar Hlaupastyrkur var settur á laggirnar árið 2006 er mér minnisstætt hversu þunglamaleg söfnunin var í upphafi þar sem við þurftum nánast að véla í gegn hvert einasta áheit og berjast fyrir hverri krónu. Það hefur þó aldeilis breyst á skömmum tíma og á þessum 16 árum hafa nú safnast um 1,3 milljarðar króna til góðra málefna.

Söfnunin hefur verið okkur í Íslandsbanka mikið kappsmál enda vitum við að mörg góðgerðarfélög reiða sig á þetta áheitafé. Í ár skráðu sig 280 góðgerðarfélög og hjá mörgum þeirra er þetta þeirra eina leið til að safna fjármunum í starfsemi sína. Á bak við hvert einasta félag er fallegt hlutverk og fjármunirnir koma því að mjög góðum notum.

> Næst hlaupum við 19. ágúst 2023, í 38. sinn.

Eftir tveggja ára hlé á Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka vegna heimsfaraldurs var einstaklega ljúft að hlaupa og taka þátt í þessum degi aftur. Þessi dagur er mikilvægur fyrir samfélagið og hefur áhrif víða. En það þarf mörg handtök til að svona viðburður verði til og langar mig að þakka öllum sem komu að deginum. Íþróttabandalagi Reykjavíkur fyrir skipulagið og þeim óteljandi sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg. Öllum þeim duglegu þátttakendum sem gera þetta að veruleika og hverju einasta klappi, flauti og fimmum á hliðarlínunni sem búa til alla stemninguna. Næst hlaupum við 19. ágúst 2023, í 38. sinn. ■

Lækkun lyfjaverðs er samkeppni lágvöruverðsapóteka að þakka

Hákon Steinsson
framkvæmdastjóri Lyfjavers

Á laugardaginn var birtist frétt í Fréttablaðinu með fyrirsögninni „Mikil lækkun lyfjaverðs á milli ára“ en í fréttinni kom fram í könnun Veritabus að lyfjaverð hefði lækkað mikið á milli ára hjá þeim fjórum lyfsölum sem bjóði netverslun og var vitnað í sambærilega könnun ASÍ frá því í nóvember 2021.

Sérstaklega var tekið fram að verð í Lyfju hefði lækkað um 15% að raunvirði og dugði það sem tilefni fyrir framkvæmdastjóra Lyfju til að hampa árangrinum. Ekki viljum við hjá Lyfjaveri hins vegar leyfa stóra aðilanum á markaðnum, Lyfju, að beina athyglinni frá þeirri staðreynd að Lyfjaver er með lægsta verðið samkvæmt könnuninni.

Frá sjónarhóli litla aðilans á markaðnum skýtur það skökku við að stóri aðilinn, sem að auki er með markaðsráðandi stöðu, og er eins konar klukkubúð lyfjaverslananna, skuli hreykja sér af stöðu sem stafar helst af þeirri samkeppni sem lágvöruverðsapótek og Netapótek Lyfjavers hefur veitt þeim. Neytendur þurfa að spyrja sig að því af hverju Lyfja, sem ráðandi aðili á markaðnum, hafi verið svona dýr þangað til samkeppnin jókst með netverslunum. Álagningin hjá Lyfju er enn í dag mun hærri en hjá Lyfjaveri eins og sjá má af verðsamanburði. Lækkunin hjá Lyfju núna stafar aðeins af því að þar var mikið svigrúm til lækkunar vegna þess að álagningin var mjög há fyrir.

Lyfjaver hefur með netapóteki sínu stuðlað að verðlækkun um land allt. Mjög lítið er um að viðskiptavinir greiði heimsendingargjald þar sem sendingin er frí ef pantaðir eru tveir lyfseðlar. Á höfuðborgarsvæðinu aka bílstjórar Lyfjavers sendingum heim til viðskiptavina og dreifum við allt frá Völlunum í Hafnarfirði til Kjalarness. Pósturinn sér svo um sendingar um land allt, auk þess að hægt er að nálgast pantanir sem ekki innihalda lyf á afhendingarstöðum Dropp um land allt.

> Ég hvet neytendur til að fylgjast einfaldlega vel með hver býður lægsta verðið.

Ég hvet neytendur til að fylgjast einfaldlega vel með hver býður lægsta verðið.

Það er gott fyrir neytendur að aukin samkeppni okkar hafi loks orðið til þess að Lyfja lækki álagningu sína. En að það sé sérstakt tilefni til fagnaðar hjá Lyfju hljómar vægast sagt undarlega. Ég held að neytendur átti sig á því að klukkubúðir eru almennt dýrari en lágvöruverðsverslanir, enda er lengri afgreiðslutími hjá þeim. Það á auðvitað við um Lyfju líka. Við hin sem komum almennt vel út úr verðkönnunum á milli ára hljótum því að vilja rétta okkar hlut og benda á að lágvöruverðsapótekin eru komin til að vera, og Lyfja er ekki eitt af þeim. ■

ÚTSALA

Útsölunni lýkur á laugardag

Allar útsöluvörurnar eru á grillbudin.is

LANDMANN Your World of BBQ — **Gasgrill Triton 4ra brennara stál**

Afl 12 KW
- *4 brennarar úr ryðfríu stáli*
- *Stór efri grind*
- *Grillgrindur úr pottjárni*
- *PTS hitajöfnunarkerfi*
- *Rafkveikja fyrir alla brennara*
- *Ryðfrítt stál í loki, hurðum og takkaborði*
- *Niðurfellanleg hliðarborð*
- *Tvöfalt einangrað lok*
- *Hitamælir*
- *Postulínsemalerað eldhólf*
- *Grillflötur 65 x 44 cm*
- *Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu*

Niðurfellanleg hliðarborð

~~Verð áður 109.900~~
ÚTSALA **79.900**

LANDMANN **Gasgrill Triton 3ja brennara**

Afl 10,5 KW
- *3 brennarar úr ryðfríu stáli*
- *Stór efri grind*
- *Grillgrindur úr pottjárni*
- *PTS hitajöfnunarkerfi*
- *Rafkveikja fyrir alla brennara*
- *Niðurfellanleg hliðarborð*
- *Tvöfalt einangrað lok*
- *Hitamælir*
- *Postulínsemalerað eldhólf*
- *Grillflötur 65 x 44 cm*
- *Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu*
- *Grátt*

Niðurfellanleg hliðarborð

~~Verð áður 99.900~~
ÚTSALA **69.900**

LANDMANN Your World of — **Gasgrill Triton 2ja brennara**

Afl 7 KW
- *2 brennarar úr ryðfríu stáli*
- *Stór efri grind*
- *Grillgrindur úr pottjárni*
- *PTS hitajöfnunarkerfi*
- *Rafkveikja fyrir alla brennara*
- *Niðurfellanleg hliðarborð*
- *Tvöfalt einangrað lok*
- *Hitamælir*
- *Postulínsemalerað eldhólf*
- *Grillflötur 46 x 44 cm*
- *Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu*
- *Grátt*

Niðurfellanleg hliðarborð

~~Verð áður 79.900~~
ÚTSALA **59.900**

LANDMANN Your World of BBQ — **Gasgrill Triton 5 brennara**

Innrauður OFUR brennari 680c

Afl 14,8 KW
- *4 brennarar úr ryðfríu stáli*
- ***Innrauður OFUR brennari***
- *Grillgrindur úr pottjárni*
- *Stór efri grind*
- *PTS hitajöfnunarkerfi*
- *Rafkveikja fyrir brenn*
- ***Ljós í tökkum***
- *Ryðfrítt stál í lo hurðum og takka*
- *Tvöfalt einangrað*
- *Hitamælir*
- *Postulínsemalerað*
- *Grillflötur 65 x 44 cm*
- *Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu*

30% afsláttur af öllum aukahlutum

~~Verð áður 129.900~~
ÚTSALA **89.900**

Enders* **Gasgrill Monroe Pro Turbo 3+2 brennara**
Frá Þýskalandi

SIMPLE CLEAN *Hreinsikerfi*

Afl 18,35 KW
- *Ryðfrítt stál*
- *3 brennarar úr ryðfríu stáli*
- *Þar af ofurbrennari 4,2 KW*
- *Simple Clean hreinsikerfi*
- *Tvöfalt einangrað lok*
- *Grillgrindur úr pottjárni*
- *Gashella í hliðarborði*
- *Bakbrennari fyrir grilltein*
- *Kveiking í öllum tökkum*
- *Stór efri grind - Hitamælir*
- *Grillflötur 62 x 43 cm*

Ofurbrennari fyrir snöggsteikingu

TURBO ZONE

~~Verð áður 169.900~~
ÚTSALA **129.900**

LANDMANN Your World of BBQ — **Eldstæði Ball of Fire**

Yfirbreiðsla fylgir

Margar gerðir eldstæða í boði

~~Verð áður 49.900~~
ÚTSALA **29.900**

Enders* **Rafmagnsgrill eFlow Turbo 2ja brennara**
Frá Þýskalandi

Niðurfellanleg hliðarborð

SIMPLE CLEAN *Hreinsikerfi*

Afl 3.000 Wött
- *Ofurbrennari 3.000 wött*
- *Grillgrindur úr pottjárni*
- *Simple Clean hreinsikerfi*
- *Niðurfellanleg hliðarborð*
- *Tvöfalt einangrað lok*
- *Stór efri grind*
- *Hitamælir*
- *Grillflötur 50 x 39 cm*
- *Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu*

Ofurbrennari fyrir snöggsteikingu

TURBO ZONE

~~Verð áður 119.900~~
ÚTSALA **79.900**

Enders* **Gasgrill Monroe Pro Turbo 4+2 brennara**
Frá Þýskalandi

SIMPLE CLEAN *Hreinsikerfi*

Afl 21,9 KW
- *Ryðfrítt stál*
- *3 brennarar úr ryðfríu stáli*
- *Þar af ofurbrennari 4,2 KW*
- *Simple Clean hreinsikerfi*
- *Tvöfalt einangrað lok*
- *Grillgrindur úr pottjárni*
- *Gashella í hliðarborði*
- *Bakbrennari fyrir grilltein*
- *Kveiking í öllum tökkum*
- *Stór efri grind*
- *Hitamælir*
- *Grillflötur 74 x 43 cm*

Ofurbrennari fyrir snöggsteikingu

TURBO ZONE

~~Verð áður 194.900~~
ÚTSALA **149.900**

Enders* *Frá Þýskalandi* — **Rafmagnshitari**

Hitinn kemur um leið og kveikt er
Vindur hefur ekki áhrif á hitann

- *2.000 Wött með innrauðri stuttbylgjutækni - Hitinn kemur strax*
- *Hitinn kemur strax og kveikt er*
- *Fjarstýring - 3 stillingar 750,1.500 og 2.000 wött*

FULLT VERÐ 39.900
ÚTSALA **29.900**

Enders* **Ferðagasgrill og gashella**
Frá Þýskalandi

Afl 4,4 KW
- *2 brennarar úr ryðfríu stáli*
- *Grillgrindur úr emaleruðu pottjárni*
- *Laus hliðarborð*
- *Grillflötur 48 x 32 cm*
- *Heimilisborð fáanlegt*

FULLT VERÐ 54.900
ÚTSALA **39.900**

Versl dum heima
í v vefverslun
s

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

Grillbúðin

Op 11-18 og Laugardaga 11-14 **Smiðjuvegi 2 Kópavogi - Sími 554 0400**

Fúavarin fura

35% afsláttur

Pallaefni

Við skilum lækkunum á timbri áfram til viðskiptavina

Húsasmiðjan lækkaði verð á timbri um allt að 16% í júlí. Þá lækkaði pallaefni (fúavarin fura) um **7%** og nú bjóðum við **35% afslátt** að auki á Palladögum Húsasmiðjunnar.

Pallareiknivél á husa.is
Áætlaðu kostnað og gerðu verðsamanburð

25%

damixa™
Eldhús-blöndunar-tæki
Silhouet, brass.
8000070
36.390 kr
~~48.590 kr~~

20%

HiKOKI
Borðsög
Eins sú allra vinsælasta hjá okkur. 1500W, mjúkt start, kolalaus mótor, sagarblað 255x30 mm. **5247502**
87.900 kr
~~109.900 kr~~

50%

Parket útsala

EUROHOME enjoy living

Harðparket
Colorado eik, 8 mm, 4V AC4. **147124**
2.975 kr/m²
~~5.951 kr/m²~~

Grænvara

30%

eta since 1943

Þvottavél, 1400 sn.
Með kolalausum mótor, tekur 8 kg af þvotti, 15 þvottakerfi.
1853100
59.490 kr
~~84.990 kr~~

Calluna/Erikur
3 stk. af eigin vali. **10327400**
1.299 kr
1 stk. **599 kr**

33%

Sómakólfur
12 cm pottur.
11328264
1.990 kr
~~2.990 kr~~

Háþrýstidælur
20% afsláttur

Reiðhjól
30% afsláttur

Pottaplöntur
30-50% afsláttur

Geymslubox
25% afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndaviXi. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

LADY málning

25%

afsláttur

Nýtt blað er komið út

husa.is

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Heimilið fínt

Frábær tilboð í september

Parket útsala

30-50%

afsláttur

Hillurekkar

20%

afsláttur

Flísar útsala

35-45%

afsláttur

Blöndunartæki

25%

afsláttur

Spáir krefjandi vetri fyrir Íslandsmeistarana

Það er blásið til hátíðar hjá íslensku handboltaáhugafólki í dag en Olís-deild karla fer af stað á ný. Valsmenn þykja líklegir til afreka en Logi Geirsson er ekki sannfærður. Fram undan gætu verið snúnir mánuðir þar sem reyna muni á breidd leikmannahóps meistaranna.

aron@frettabladid.is

Snorri Steinn Guðjónsson hefur náð frábærum árangri sem þjálfari Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

HANDBOLTI Logi Geirsson, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður í handbolta, telur að Valsmenn, sem spáð er Íslandsmeistaratitlinum karlamegin í handboltanum, gætu átt erfitt uppdráttar á tímabilinu. Tímabilið í Olís-deild karla fer formlega af stað í dag og Logi segir mörg lið geta blandað sér í baráttuna um deildarmeistaratitilinn.

„Frá því að ég sökkti mér að fullu í þetta fyrir um tveimur til þremur vikum og fylgdist náið með undirbúningi liðanna hefur mikið breyst. Á þessum skamma tíma," segir Logi við Fréttablaðið.

„Á dögunum voru Haukar að fá risa styrkingu í Andra Má Rúnarssyni og það sem hefur gengið á undanfarna daga hefur fengið mig til að breyta spá minni fyrir deildarkeppnina. Við skulum hafa það í huga að ég spái þessu eftir því hverjir mér þykir líklegastir til að enda sem deildarmeistarar. Svo tekur úrslitakeppnin við sem er allt annar handleggur."

Logi dregur þá ályktun af stöðunni núna að Haukar endi í fyrsta sæti, FH í öðru, Valur í þriðja og ÍBV í fjórða sæti.

„Valur er á leið í Evrópukeppni og þeirra breidd er ekkert eitthvað rosaleg. Ég veit að þeir hafa verið að raða inn titlum undanfarið og ég hef hrifist af handboltanum sem liðið spilar en ég held að þetta verði tímabilið sem þeir lenda í miklum vandræðum vegna þess að það eru svo mörg rosalega sterk lið í kringum þá."

Sú breyting verður á komandi tímabili Vals að liðið tekur þátt í riðlakeppni Evrópudeildarinnar og með því koma meiri ferðalög, fleiri leikir. Logi þekkir slíka stöðu vel eftir tíma sinn sem atvinnumaður og segir þátttöku í Evrópukeppni hafa áhrif.

„Þetta hefur yfirleitt alltaf áhrif og getur tekið taktinn úr liðunum og þau misstíga sig oftar. Við vitum að meira álag getur stuðlað að meiri meiðslum.

Ef Valsmenn halda þetta út, ná að halda þeim dampi sem þeir hafa verið á undanfarin ár, þá væri það kraftaverk. Ég er ekkert að grínast með það. Geta þeir keyrt á þessum mannskap í gegnum Evrópukeppnina og Olís-deildina, sem er feikisterk, og rúllað yfir hana? Þeir voru rétt á undan Haukum undir lok deildarkeppninnar á síðasta tímabili og FH-ingar voru á toppnum þegar það voru fjórar til fimm umferðir eftir." ■

> Ég held að þetta verði tímabilið þar sem þeir (Valsmenn) lenda í miklum vandræðum.

Logi Geirsson, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður

Nánar á frettabladid.is

ROTATE
BY MALENE BIRGER
KARL LAGERFELD PARIS
billi bi COPENHAGEN
DAY BIRGER ET MIKKELSEN
DIESEL
'S MaxMara
- MERKI FYRIR MINNA -
POP UP
MERKJAMARKAÐUR
KEX HOSTEL
SKÚLAGATA 28
allt að 60% AFSLÁTTUR
HEFUR OPNAÐ
11:00-18:00
GK REYKJAVIK
eva
Kultur COMPANYS Kultur menn
KARAKTER KONUR
gs skór
MERKJAMARKAÐURINN STENDUR YFIR 8.-11. SEPTEMBER
GANNI
SAMSØE SAMSØE
Acne Studios
Paul Smith herrar
InWear
Filippa K
Fruit
J.LINDEBERG
Matiníque
*ásamt fleiri merkjum

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 8. september 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Jason vissi fyrir fram að framlag hans vekti umtal. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gervigreind hreppir verðlaun

jme@frettabladid.is

Segja má að listaheimurinn hafi farið á hliðina þegar listaverk, skapað með notkun gervigreindar, hlaut fyrstu verðlaun í Colorado State Fair myndlistarkeppninni í flokki stafrænnar listar.

Verðlaunin, sem námu um 42.000 krónum, runnu til Jason Allen sem knúði gervigreindina Midjourney til þess að skapa verk sem hann kallar Théâtre D'opéra Spatial, með einni setningu. Á meðan nýttu aðrir listamenn í flokknum sér tölvuforrit á borð við Photoshop eða Illustrator við sköpun sinna verka. Allen sviðsetur undarlega en forvitnilega fjarlæga framtíð í verki sínu þar sem mannverur glápa uppnumdar út um risastórt hringlaga op á útsýni sem minnir á sögusvið Dune eftir Frank Herbert.

Tilvistarkreppa

Ekki voru margir hinna listamannanna sáttir við sigurvegarann. Allen sjálfur segir um sigurinn: „Ég held að listasamfélagið sé á leið í tilvistarkreppu ... Stór ástæða fyrir því er ... truflandi tækni opinnar gervigreindar." Allen óttast sjálfur að gervigreind muni hafa áhrif á skapandi störf í framtíðinni.

Eric Holloway er á öðru máli. Hann segir að gervigreindin sé þjálfuð með notkun listaverka sem séu nú þegar til, og því sé hún líkleg til þess að framleiða myndir sem samsvara list sem nú þegar er talin góð. Hins vegar risti samsvörunin ekki mjög djúpt. ■

Lovísa Tómasdóttir fann sína hillu þegar hún fór að hanna og sauma sviðsfatnað fyrir dragdrottningar og búrlesk-dansara. Hún elskar glamúrinn, pallíetturnar og glimmerið sem fylgir starfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eins og hrafninn sem sækir í glingur

Lovísa Tómasdóttir klæðskerameistari elskar glamúr og glimmer. Hún hannar og saumar búninga fyrir sviðlistafólk eins og dragdrottningar og búrlesk-dansara. Verkefnin eru oft krefjandi enda skipta búningarnir miklu máli í sýningum kúnnanna. 2

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is

Lovísa útskrifaðist sem klæðskeri árið 2015 og lauk meistaraskólanum árið 2019 en hún lauk starfsnáminu í versluninni Ella ehf. sem seldi íslenska hönnun.

„Þar kynntist ég því að hanna og sauma flíkur. En seinna fór ég að vinna í Kjólum og konfekti, þar eru litríkir og oft svolítið tjúllaðir kjólar svo það kom svolítið af sviðslistafólki og tónlistarfólki þangað inn," segir Lovísa.

„Ég var að hanna og sauma kjóla til að selja í búðinni og tók svo aukalega að mér verkefni fyrir sviðslistafólk sem ég komst í kynni við í gegnum vinnuna í versluninni. Mikið af dragdrottningum og fólki í búrlesk-senunni. Hjá Kjólum og konfekti uppgötvaði ég að þetta var algjörlega mitt, þessi glamúr, glimmer og gleði."

Lovísa segir vinnuna krefjandi og kúnnana halda henni á tánum enda vilja þeir flík sem vekur athygli. Flík sem vekur athygli í sýningunni en þarf um leið að virka vel.

„Sviðslistafólkið er með alls konar sviðsframkomu, það er að dansa og leika alls kyns listir og flíkin þarf að virka. Það verður að vera hægt að hreyfa sig í henni. Þannig að þetta er mjög krefjandi en um leið ógeðslega skemmtilegt," segir Lovísa

Hannaði eigin línu

Eftir nokkur ár fór að verða svo mikið að gera hjá Lovísu í sviðsbúningasaumi að hún hætti störfum hjá Kjólum og konfekti og hóf að vinna sjálfstætt.

„Ég hellti mér út í það af fullum krafti að sauma og hanna fyrir sviðslistafólk og það var alltaf nóg að gera, en svo kom Covid og allar sýningar duttu niður. Þá varð ég að finna mér eitthvað annað að gera," segir hún.

Lovísa brá þá á það ráð að hanna og sauma sína eigin fatalínu og opnaði vefsíðuna lovisatomas.is.

„Ég var þá að hanna og sauma fatnað fyrir venjulegt fólk, ekki bara sviðslistafólk. Ég gerði þetta í gegnum allt Covid. Það var rosalega skemmtilegt að hanna mína eigin línu og þetta var lærdómsríkur tími. Mig langar að gera meira af því í framtíðinni að hanna eigin línu og hafa hana þá aðeins stærri. En ég er í pásu frá því núna. Það er aftur orðið nóg að gera í að sauma og hanna fyrir sviðslistafólk svo hitt þarf að bíða," segir hún.

Lovísa gefur sér þó tíma til að sauma föt á sjálfa sig en hún hefur gaman af að ganga sjálf í litríkum fötum.

„Ég elska að vera í pallíettum og glimmeri. Það blundar dragdrottning inni í mér. Ég hef gaman af því að klæða mig áberandi þegar ég fer eitthvað út. Þá sauma ég á mig föt sem eru yfirleitt æpandi og áberandi, það eru margar glimmerflíkur í fataskápnum. Ég er eins og hrafninn, sæki í allt glingur og glimmer. En dagsdaglega er ég bara í kósígallanum."

Geggjaður metnaður

Lovísa segir að það sé nóg að gera hjá henni á meðan til er fólk sem heldur sýningar.

„Það er svo geggjaður metnaður hjá þessu listafólki. Þau koma oft með mjög metnaðarfullar hugmyndir og pælingar og maður þarf að hugsa út fyrir boxið."

Spurð að því hvort hún hafi einhvern tímann fengið beiðnir sem ómögulegt er að framkvæma svarar Lovísa að hún reyni alltaf að finna lausnir.

„Það var einu sinni dragdrottning sem bað mig að gera risastórt stél sem átti að hanga uppi fyrir aftan hana. Allt í einu var ég orðin verkfræðingur og varð að finna út úr því hvernig það átti að virka. Ég notaði hænsnanet og húlahring og var nánast komin með hamar og nagla að græja stélið. En það virkaði. Eins og ég segi, kúnnarnir halda mér á tánum en ég segi alltaf já og reyni að redda öllu," segir hún og hlær.

Lovísa vann í versluninni Kjólar og konfekt þegar hún komst í kynni við alls kyns sviðslistafólk. Hún fór að sauma og hanna fyrir það utan vinnu og hellti sér svo í það á fullu og hefur alltaf nóg að gera.

Edgar Anderssen í gullfallegum síðkjól eftir Lovísu.
MYND/RÓBERT MAGNÚSSON

Húlladansarinn Róberta Michelle Hall í flottum samfestingi.
MYND/ARCTIC IMAGE

Með bestu kúnnana

„Ég er búin að kynnast svo mikið af skemmtilegu fólki í gegnum starfið. Ég á minn kúnnahóp sem kemur aftur og aftur til mín. Ég er með bestu og skemmtilegustu kúnnana, ég er svo þakklát og heppin."

Lovísa tekur sem dæmi að auk þess fjöldaframleiði hún næstum fatnað á Siggu Kling.

„Ég geri nánast nýtt átfitt í hverri viku fyrir hana. Það er alltaf allt í stíl hjá henni, buxur, toppur, hattur og jakki, allt úr sama efninu. Hún hringdi í mig um daginn með tveggja tíma fyrirvara þegar hún var að fara að skemmta einhvers staðar. Þá var hent í kjól og hatt. Það náðist á tíma og hún var glæsileg."

Eitt stærsta verkefni Lovísu fram að þessu var þegar hún hannaði búninga fyrir Daða og gagnamagnið. Hún segir það hafa verið ótrúlega skemmtilegt og hópurinn geggjaður að vinna með.

„Það var ótrúlegt ævintýri að fara út með þeim og dressa þau upp. En ég þyrfti eiginlega að fara út í Eurovision aftur einn daginn. Þetta var öðruvísi reynsla en venjulega af því það var svo mikið af takmörkunum í gildi vegna Covid. Það væri draumur að fara út aftur þegar aðstæður eru venjulegri. Ég stefni að því," segir hún.

Kannski ef þau senda glamúrdrottningu út?

„Það væri algjörlega geggjað!" ■

> **Hún hringdi í mig um daginn með tveggja tíma fyrirvara þegar hún var að fara að skemmta einhvers staðar. Þá var hent í kjól og hatt.**

Tónlistarveran Mighty bear í dularfullri hönnun eftir Lovísu.
MYND/BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR

Lovísa hannar og saumar mikið af búrlesk-búningum. Hér er Róberta Michelle Hall á sviði í djörfum búningi.
MYND/ODYSSEAS CHLORIDIS

Dragdrottning Íslands 2019, Gala Noir, glæsileg í fötum eftir Lovísu.
MYND/BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

NeroGiardini
MADE IN ITALY

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Íslenskar konur ótrúlega flinkar að farða sig

Förðunarfræðingurinn Natalie Kristín Hamzehpour á heiður af framúrstefnulegri förðun söngkonunnar Bríetar. Hér fer hún yfir helstu trendin í haustförðun ársins.

thordisg@frettabladid.is

„Hún mamma er hárgreiðslukona og rak stofu í Þýskalandi öll mín uppvaxtarár. Hún seldi snyrtivörur á stofunni og ég var óþekki krakkinn sem komst í allar prufurnar og klíndi öllu framan í mig. Þar vann líka ein sem var förðunarfræðingur og ég hafði mjög mikinn áhuga á öllu sem hún gerði, fékk að „aðstoða“ hana og leika mér með gamlar vörur. Það var þá sem ég ákvað að verða förðunarfræðingur,“ segir Natalie Kristín Hamzehpour, 28 ára nýbökuð móðir, förðunarfræðingur, kennari, vörumerkjastjóri og áhugakokkur.

Natalie er fædd og uppalin í Þýskalandi. Hún starfar nú sem vörumerkjastjóri á snyrtivörusviði og kennir förðun í Makeup Studio Hörpu Kára, en hefur einnig unnið við förðun í sjónvarpi, auglýsingum og leikhúsum og segist fíla sig best í tískuförðun.

Natalie fer yfir helstu tískutrend í förðun á hausti komanda.

„Það sem er skemmtilegast við trend er að þar finnst alltaf eitthvað fyrir alla. Trendin sem mér finnast mest áberandi í haust eru:

Natalie segir best við trend í förðun að þar gildi engar reglur og allir geti verið eins og þeir vilja. MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR

- Clean Girl Makeup – fersk húð, „ósýnileg“ hrein förðun, ferskur kinnalitur og heilbrigður ljómi. Til að ná því fram er best að nota krem-kinnalit, „bronzer“ og gott augabrúnagel, lítinn farða og frekar hyljara til að þekja það sem þarf. Svo eru varaolíur eða „lip tint“ mjög spennandi við þetta trend.
- Áberandi varalitur – á undanförnum árum hefur verið mikið um „nude“ varir og áberandi augu, en nú finnst mér ég sjá mikið um liti í varalitum, hvort sem það er „lip tint“ í berjalitum og léttum rauðum tónum, eða áberandi bleikur eða rauður varalitur.
- Náttúrulegar augabrúnir – ég hafði smá áhyggjur af því að þunnar, plokkaðar augabrúnir væru að koma aftur en ég er fegin að það trend stoppaði stutt. Í staðinn eru augabrúnir náttúrulegri og mun ljósari en þær hafa verið á síðustu árum. Því er óþarfi að plokka of mikið eða fara í litun á þriggja vikna fresti. Leyfum augabrúnunum bara að vera náttúrulegum.
- Euphoria Disco – ég held að það trend sé ekki að fara neitt. Glansandi glimmer og „metallic“ áferð, silfur augnskuggi, glimmersteinar og „shimmer bodyolía“ verða áfram heit í haust.

Góðir förðunarburstar létta vinnuna og gera förðun fallegri.

Listræn og skapandi

Natalie á heiðurinn af frumlegri og áberandi förðun söngkonunnar Bríetar, svo eftir hefur verið tekið.

„Samstarf okkar Bríetar hófst fyrir um fjórum árum þegar ég hélt viðburð fyrir Shiseido og var í leit að módeli. Mér fannst Bríet svo gullfalleg og ákvað að prófa að heyra í henni. Hún var til í að koma og leyfa mér að farða sig og síðan höfum við unnið saman,“ greinir Natalie frá.

Hún segir Bríeti ákaflega listræna og skapandi þegar kemur að förðun.

„Við vinnum mikið saman og skoðum alls konar hugmyndir til að finna eitthvað sem meikar sens og Bríeti líður vel með. Ég held að það hjálpi líka að við erum með svipaðan smekk þegar kemur að förðun, en Bríet er alltaf opin fyrir öllum skrýtnum hugmyndum og mjög dugleg að koma með tillögur sjálf.“

Shiseido-rakabomba er í dálæti Natalie.

Uppáhaldsfarði Natalie er frá Chanel.

Flinkar í förðun

Spurð hvort eitthvað beri að forðast í förðun eða sé alveg dottið úr tísku eftir sumarið, svarar Natalie: „Nei, svo sem ekki. Þetta eru auðvitað bara trend og hver má túlka þau eins og hann vill. Það besta við förðun er að þar gilda engar reglur. Ef manni líður vel og fílar sig vel; þá er maður að gera rétt.“

Sem kennari í Makeup Studio Hörpu Kára hefur Natalie komist að því að íslenskar konur séu einkar flinkar að mála sig og tolla í tískunni.

„Ég hef kennt fjölmörgum íslenskum konum förðun, en einnig unnið með förðunarfræðingum erlendis og verð að segja að við Íslendingar erum bara svo miklu klárari en allir aðrir,“ segir Natalie og hlær, en bætir svo við: „Nei, ég segi bara svona. Sannast sagna er mjög mikið um virkilega færa förðunarfræðinga hér á landi og meðalkonan kann alveg ótrúlega vel á förðun.“

Hún segir jafnframt gaman að fylgjast með því hvað ungar konur og unglingsstelpur eru góðar í að farða sig.

„Þær hafa í dag aðgang að svo miklu fræðsluefni á til dæmis YouTube og TikTok og nýta sér það. Auðvitað koma svo alltaf tímabil í tísku sem okkur þykja hræðileg eftir á en ég held að TikTok-trendin séu flest mjög falleg og ekki eins og „contour“-trendið sem mín kynslóð er sek um,“ segir Natalie kát í fæðingarorlofinu.

„Í haust ætla ég líka að bæta við mig námi en ég tek að mér örfáar vel valdar farðanir, þá aðallega brúðarfarðanir og verkefni sem mér þykja skemmtileg.“ ■

Söngkonan Bríet vekur ætíð athygli fyrir svala förðun Natalie.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Staðalbúnaður í haust

Hvaða hlutir eru ómissandi í snyrtibudduna á hausti komanda, að mati Natalie?

- Nærandi varaolía með smá lit, eins og til dæmis Clarins Lip Comfort Oil.
- Fallegur léttur farði sem frískar upp á þreytta húð. Minn uppáhalds þessa dagana er nýi Chanel Water Fresh Complexion Touch.
- Rakabomba eins og Shiseido Ultimune-serumið. Ekkert gerir jafn mikið fyrir húðina mína og sú vara.
- Góðir förðunarburstar, eins og nýju burstarnir frá Hörpu Kára. Góðir burstar gera förðun fallegri og sjá eiginlega um alla vinnuna fyrir mann. Ég hef ekki notað aðra bursta síðustu vikur og mæli mikið með þessum.

Hægt er að fylgjast með Natalie á Instagram @nataliehamzehpour.

Hægt er að fylgjast með Natalie á Instagram @ nataliehamzehpour.

ZHENZI Allie tunika
Fæst líka í turkis
Stærðir 42-56
Verð 11.990 kr

ZE ZE Bobbi kjóll
Fæst líka í Svart/hvítu
Stærðir 38-48
Verð 12.990 kr

ZE ZE Bobbi tunika
Fæst líka í bleiku
Stærðir 38-48
Verð 10.990 kr

ZE ZE Goodby kjóll
Fæst líka í brúnu
Stærðir 38-48
Verð 8.990 kr

ZE ZE Goodby hálfsíður kjóll
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr

yesta yest noSecret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic QUE

STUDIO Emilie síð skyrta
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr

STUDIO Ditte tunika
Stærðir 38-56
Verð 10.980 kr

ES&SY Wei peysukjóll
Stærðir 36-46
Verð 7.980 kr

IVY BEAU Paul kjóll
Stærðir 38-48
Verð 9.980 kr

YESTA Husna tunika
Stærðir 44-60
Verð 10.980 kr

SUNDAY by Godske FRANDSEN festival DENMARK STUDIO Tamaris GOZZIP SANDGAARD HABELLA LASESSOR Jana

STUDIO Annie pleðurjakki
Stærðir 38-56
Verð 25.980 kr

ZHENZI síð peysa
Fæst líka í brúnu
Stærðir 42-56
Verð 12.990 kr

NORMANN útivistarjakki
Fæst líka í navyblátt
Stærðir 40-52
Verð 32.980 kr

LASESSOR Shirley herðaslá/vendingur
Fæst í fleiri litum
Verð 12.990 kr

LOU símatöskur
Fæst í nokkrum litum
Verð 3.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Alltaf verið óhrædd við sterka liti og form

Áslaug Saja Davíðsdóttir lítur á vörur sínar sem eins konar framlengingu á upplifun okkar í náttúrunni sem við berum með okkur í daglegu lífi. Hún hélt sýningu á Ljósanótt í Reykjanesbæ um síðustu helgi.

starri@frettabladid.is

Áslaug Saja Davíðsdóttir er eigandi SajaArts. Hún hannar meðal annars trefla, klúta, töskur og kodda.

Snyrtitaska og stórt ullar- og silkisjal.

MYNDIR/AÐSENDAR

Það er íslensk náttúra, með sínum sterku línum, formum, litum og gróðri, sem einkennir helst vörurnar frá SajaArts en það er Áslaug Saja Davíðsdóttir sem er á bak við vörumerkið sem inniheldur meðal annars trefla, klúta, töskur og kodda. „Núna er ég helst að vinna með skófir og lyng sem er einmitt heiti nýju línunnar minnar, þar sem gulir, grænir og svartir tónar eru einkennandi. Þessir litir eru sóttir til litsterkra skófa á fjöruklettum og lyngsins umhverfis og við strendur landsins. Alla daga tek ég inn litbrigði daganna, náttúrunnar, fegurðar hluta, litasamsetningar og ég nota mikið ljósmyndun til að fanga áhrif og form. Ég er einnig áhugasöm um japanskar blekteikningar og finnst mjög gaman að mála með bleki en ég er expressjónísk í munsturgerðinni frekar en formföst.“

Góðar viðtökur á Ljósanótt

Áslaug hélt sýningu á hönnun sinni á bæjarhátíðinni Ljósanótt sem fór fram í Reykjanesbæ um síðustu helgi. „Ljósanótt var mjög skemmtileg og þar kynntist ég fjölda fólks sem vildi forvitnast um nýju vörurnar mínar. Margir gestir keyptu frumgerðir og sýnishorn af klútum, treflum og töskum. Viðtökurnar hafa verið framar vonum og fólk talaði um sameiginlega ástríðu sína á lággróðri og skófum í náttúrunni og fagnaði því að verið sé að vinna með okkar hrjóstruga land og framleiða vandaðar vörur.“

Byrjaði snemma að skapa

Áslaug Saja segist vera náttúruunnandi, skapandi frumkvöðull, „sökker“ fyrir fegurð og einstaklega athafnaglöð. „Ég kem úr listrænni fjölskyldu og byrjaði snemma að skapa og framleiða. Leiðin lá í Textíldeild MHÍ, þar sem síðasta árið var tekið í UIAH í Helsinki í Finnlandi. Eftir útskrift hélt ég til Ítalíu þar sem ég vann um sumar í AlOver Studio sem var munsturhönnunarstúdíó í borginni Como sem er skammt frá landamærum Sviss og Ítalíu. Á Ítalíu sá ég glæsilegt handverk annarra hönnuða verða að fallegum efnum.“

Eftir útskrift árið 1996 hélt Áslaug Saja áfram að silkiþrykkja og mála eigin munstur á efni. „Ég seldi klúta, slæður, kodda og einnig skúlptúrpúða í Gallerí Listakoti og síðar í Sneglu. Lengi vel seldi ég vinsæla silkiþrykkta boli fyrir konur með litríkum mynstrum en ég hef alltaf verið óhrædd við að nota sterka liti og form. Fyrirtækið Valfoss ehf. hefur framleitt vörur með jólamynstrum eftir mig og er eitt í sölu enn í dag, tæpum fimmtán árum síðar.“

Margt í vændum

Fram undan hjá SajaArts er mót-taka fyrstu sendingar af vönduðum eðalsilkiklútum í byrjun október. „Þeir eru einmitt framleiddir í mekka silkiþrykksins sem er Como á Ítalíu. Svo er áframhaldandi framleiðsla á fleiri tegundum klúta og taska í stíl og spennandi útfærslur fyrir heimilið. Ég hef þegar hannað viðbót við vöru- og mynsturlínuna. En fyrst og fremst vil ég að SajaArts verði þekkt fyrir vandaðar og umhverfisvænar vörur. Sjálf lít ég á vörurnar sem eins konar framlengingu á upplifun okkar í náttúrunni sem við berum með okkur í daglegu lífi.“ Hægt er að fylgja SajaArts á Instagram (@saja.arts) og á Facebook (saja design). ■

Elegant Lyng-silkislæða og taska í stíl.

Gular skófir á tösku sem hentar í ræktina eða til daglegra nota.

Létt Lyng-silkislæða.



Málverk sem er frumgerð eins af fjórum mynstrum línunnar Lyng og skófir og tvær stórar snyrtitöskur.

FRÍ
heimsending þegar verslað er fyrir 5.000,- eða meira í vefverslun
ZIKZAKVERSLUN.IS
NÝ SENDING
FRÁBÆRT ÚRVAL AF FALLEGUM HAUSTFATNAÐI
Kringlan - ZIKZAKVERSLUN.IS
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
Opið 10-18:30 virka daga, laugardaga 11-18 og sunnudaga 12-17

Skyrta
9.990,-
st.S-XXXL

Peysa
5.990,-
st.S-XXXL

Golla
6.990,-
st.S-XXXL

Kjóll
10.990,-
st.S-XXXL

Peysa
11.990,-
st.42-56

Peysa
13.990,-
st. S-XXL
Vesti
17.990,-
st. 38-56

Skyrta
7.990,-
st.S-XXXL

Golla
7.990,-
st.42-56

Peysa
8.990,-
st. S-XXXL
Kjóll
9.990,-
st. S-XXXL


Bolur
7.990,-
st. 42-56

Peysa
11.990,-
st.42-56

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar til sölu

7/2022 óekin VW ID5 GTX 4x4 300 hö. rafmagnsbíll Eigum nokkra liti til afhendingar strax. Þessi er með sport pakka og 21" álfelgum. 77 kWh batterí uppgefin drægni 493 km. Í vetur fellur niður ívilnun stjórnvalda á rafmagnsbíla. Nú er tækifæri að ná í bíl áður en þeir hækka um 1.5 milljón í verði ! Verð: 8.890.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir

Kraftmiklir
Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarður 3 • S: 552-9940
Útsala
25% af öllum slöngubátum
Verð frá:
126.750.kr

SAILSKI®
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Flísalagnir - Múrverk - Flotun - Sandsparsl - Málun - Tréverk

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Til bygginga

NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN
slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbygginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnsklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Skotvopn

Hálfsjálfvirk haglabyssa, Belkis, er enn í umbúðunum. Ásamt 20 + gerfigæsum og 4 álftum og 337 haglaskotum. Óska eftir tilboði. Upplýsingar í síma 892-8655

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsuvörur

Atvinna

Atvinna í boði

Óska eftir yfir- vélstjóra á 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Einnig vantar vana háseta. Þurfa að geta byrjað í september. Uppl.í s. 892-5522

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Efnistaka í Seyðishólum í Grímsnes– og Grafningshreppi

Suðurtak ehf. hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats fyrirhugaðrar efnistöku í Seyðishólum í Grímsnes– og Grafningshreppi.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar á skrifstofu Grímsnes– og Grafningshrepps og hjá Skipulagsstofnun frá **8. september til 20. október 2022.** Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is.**

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **20. október 2022** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is

TECNODOM spa refrigerazione

Til á lager

Ryðfrí stál vinnuborð fyrir atvinnueldhús

Ítölsk gæðaframleiðsla
- Ryðfrýtt burstað stál
- Hillur að neðan
- Stillanlegir fætur

100x70x85
Einnig 120 - 140

120 x70
St. 100 x70 x H85

Stærð:
160 x 70 x H: 95

100x70x85
Einnig 120 - 140 - 160

Stærð:
140 70 H: 85

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri
STÓRELDHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Draghálsi 4
110 Reykjavík
sími: 535 1300
verslun@verslun.is

5780 #

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



Yfir 1.000 fasteignir til sölu á Costa Blanca svæðinu.
Sumareignir
sumareignir.is - sumareignir@gmail.com - S: 6168880

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

ÚTSÖLULOK

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

LENGRI OPNUNARTÍMI UM HELGINA!
Lau: 11-18

ÚTSÖLUBOMBUR! 50% AFSLÁTTUR

9" panna
Nú: 1.495,-
Áður: 2.990,-

3 bolla kaffikanna
Nú: 3.495,-
Áður: 6.990,-

Matarsett fyrir einn
Nú: 1.995,-
Áður: 3.990,-

Destination Kitchen Set 24
Ferðasett fyrir fjóra
Nú: 6.995,-
Áður: 13.990,-

GSI OUTDOORS

Ferðaglös 2 stk
Nú: 2.345,-
Áður: 4.690,-

Halulite Minimalist
0,6L pottur og skaffall
Nú: 3.995,-
Áður: 7.990,-

Glæsilegt pottasett
Nú: 9.495,-
Áður: 18.990,-

30-50%
AFSLÁTTUR

OSPREY

AFSLÁTTARBORÐIN VERÐA Á SÍNUM STAÐ!

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18

Merkisatburðir

1208 Víðinesbardagi er háður. Þar eigast við fylgismenn Guðmundar Arasonar biskups og ættir Ásbirninga og Svínfellinga.
1565 Mölturiddarar aflétta umsátri Ottómana um Möltu.
1636 New College, sem síðar varð Harvard-háskóli, stofnaður.
1727 Eldur kviknar í hlöðu í Cambridge-skíri á Englandi meðan brúðusýning stendur yfir. 78 farast, meirihlutinn börn.
1891 Fyrsta hengibrú Íslands er vígð. Hún er yfir Ölfusá.
1905 Sterkur jarðskjálfti ríður yfir Ítalíu. Talið er að allt að 2.500 hafi látist.
1931 **Leyfður hámarkshraði** íslenskra bíla er hækkaður í 40 kílómetra utan þéttbýlis og í 25 í þéttbýli.

1975 Dagblaðið, frjálst og óháð dagblað, hefur göngu sína.
1978 Íranskir hermenn skjóta á mótmælendur í Teheran. Á þriðja þúsund látast. Atburðurinn markar upphafið að falli konungsfjölskyldunnar.
1979 Bandaríska söngkonan **Pink** fæðist.
1987 Íslenska fimmtíu króna myntin er sett í umferð.
1991 Lýðveldið Makedónía verður sjálfstætt ríki.



†

Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hildur Jónsdóttir

Byggðavegi 89, Akureyri,

sem lést laugardaginn 6. ágúst sl., verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 12. september kl. 13.00.
Góðar þakkir sendum við þeim sem hafa annast hana og sýnt henni og okkur kærleik og hlýju í veikindum hennar.

Synir, tengdadætur og fjölskyldur.

†

Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

Aðalbjörg J. Hólmsteinsdóttir

hússtjórnarkennari,
Háaleitisbraut 26,

lést á Skjóli þann 29. ágúst sl.
Útför hennar fer fram frá Raufarhafnarkirkju, laugardaginn 10. september, kl. 14.
Sérstakar þakkir færum við þeim, sem önnuðust hana síðustu ár hennar, fyrir hlýhug og góða umönnun.

Arndís S. Hólmsteinsdóttir — **Karl Jónsson**
Gunnar Þór Hólmsteinsson
Baldur Hólmsteinsson — **Sigrún Guðnadóttir**
Edda Kjartansdóttir

systkinabörn og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

Jón Eggert Hvanndal

Álfaskeiði 123, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 24. ágúst 2022. Útför hans verður gerð frá Fríkirkjunni í Reykjavík, miðvikudaginn 14. september, kl. 13.00.

Dóra Hvanndal
Björg Hvanndal R. Achinelli
barnabörn og barnabarnabörn.

Svartklæddur glæpon gripinn glóðvolgur með góssið í gogginum. MYNDIR/AÐSENDAR

Hreiðurræningjar staðnir að verki með falinni myndavél

Sjálfvirkar hreiðurmyndavélar náðu frábærum myndum við vaðfuglarannsókn á Suðurlandi.

arnartomas@frettabladid.is

Í vor hófst rannsóknarverkefni við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi þar sem afföll af hreiðrum vaðfugla voru könnuð. Um sextíu hreiðurmyndavélar með hreyfiskynjurum voru nýttar til að fylgjast með hreiðrunum sem náðu frábærum myndum af hreiðurræningjum og öðrum gestum.

„Í doktorsnáminu mínu var ég að skoða þéttleika vaðfugla í kringum mismunandi gerðir af landnýtingu á borð við skógrækt, raflínur, hús og vegi," segir Aldís Erna Pálsdóttir, verkefnisstjóri rannsóknarinnar. „Við komumst að því að þessir fuglar voru nánast alltaf í lægri þéttleika nálægt þessum hlutum."

Í kjölfarið var sótt um styrk fyrir annað verkefni til að athuga hvort hreiðrum fuglanna vegnaði verr í nágrenni við þessa hluti og veitti Rannís styrk til þriggja ára verkefnis.

„Við keyptum sextíu myndavélar með hreyfiskynjurum sem eru settar við hreiðrin til að fylgjast með þeim," útskýrir Aldís Erna. „Ein kenningin er sú að dýr eins og hrafnar og refir nýti sér hluti eins og hús eða skóga til að nálgast hreiðrin."

Rápað með tilgangi

Við undirbúninginn fundust alls þrjú hundruð hreiður og var myndavélum stillt upp við sextíu þeirra til að fylgjast með eggjunum og hvernig þeim vegnaði.

En hvernig fer maður að því að finna þessi hreiður? Rápar maður bara um þangað til maður rekst á þau?

„Það er svolítið þannig. Þegar maður keyrir malarslóða þá sér maður fuglana oft hoppa upp þegar maður keyrir nærri svo það er auðveldast að finna þá þannig," segir Aldís Erna. „Sumar tegundir fela hreiðrin sín í háu grasi og þá þræddum við grasflötinn með reipi en þá flugu fuglarnir upp þegar þeir fengu það í hausinn."

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að egg í sextíu prósentum hreiðranna hefðu klakist.

„Ég held að það sé ágætt miðað við mörg lönd. En af þeim fjörutíu prósentum sem eru étin þá eru einhverjir fuglar sem reyna aftur svo þeir geta stundum verpt aftur ef það er ekki orðið of seint."

Kjörin tilraunadýr

Til þess að koma myndavélunum fyrir þurfti oft að fá leyfi frá landeigendum sem Aldís segir hafa verið mjög samvinnuþýða.

„Ég held að við höfum aldrei fengið nei nema þegar það voru hestar á svæðinu sem gátu skemmt myndavélarnar," segir hún. „Mín tilfinning fyrir þessu er sú að það hafi allir áhuga á þessu og oft leiddi þetta út í langar samræður þar sem fólk vildi vita hvort við hefðum séð refi, hvaða fugla við hefðum séð og svo framvegis. Fólki er mjög annt um fuglana og vill vita meira um þetta."

Bjóstu við að myndirnar kæmu svona vel út?

„Alls ekki. Ég var ekki einu sinni viss um að þetta myndi virka almennilega," segir Aldís Erna sem fann kjörin tilraunadýr til að prufukeyra vélarnar. „Ég prófaði að stilla upp myndavélunum heima hjá mér til að athuga í hvaða fjarlægð börnin væru í fókus. Þau hlupu auðvitað fram hjá þeim svona tíu þúsund sinnum á hverjum degi svo ég mældi að kjörin vegalengd væri um það bil tveir og hálfur metri sem reyndist vera fullkomið."

Hægt er að fylgjast með framvindu verkefnisins á Facebook-síðu Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi. ■

Gestirnir voru ekki allir á eftir eggjunum. MYND/AÐSEND

Rebbi kemur auga á vélina. MYND/AÐSEND

Aldís Erna Pálsdóttir, fuglafræðingur

Traust tæki á tilboði í september

Skoðaðu nýja tilboðsbæklinginn okkar á sminor.is!



BOSCH

Þvottavél

WAN 2823BSN

Tekur mest 8 kg og vindur upp í 1400 sn./mín.

Tilboðsverð:

79.900 kr.

Fullt verð: 99.900 kr.

SIEMENS

Espressó-kaffivél

TE 651319RW

Hljóðlát og hraðvirk.

Tilboðsverð:

149.900 kr.

Fullt verð: 199.900 kr.

Epsilon Hangandi ljós

AN15108-01/15

Tilboðsverð:

14.900 kr.

Fullt verð: 19.900 kr.

BOSCH

Þurrkari

WTH 85VB8SN

Tekur mest 8 kg.

Tilboðsverð:

99.900 kr.

Fullt verð: 129.900 kr.

SIEMENS

Kæli- og frystiskápur

KG 36NVIEB

noFrost-tækni. Hæð: 186 sm.

Tilboðsverð:

119.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.

BOSCH

Ryksuga

BGLS 2BA3H

Lítil og vönduð.

Tilboðsverð:

17.900 kr.

Fullt verð: 21.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Opið virka daga frá kl. 9 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.
Vefverslun okkar er opin allan sólarhringinn á **sminor.is**.

BAUHAUS

Stór og flott flísadeild
Eitt mesta úrval landsins

25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FLÍSUM

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

Við eigum yfir 200 mismunandi gerðir af flísum og auðvitað alla þá aukahluti sem þú þarft, til þess að leggja nýju flísarnar þínar.

20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STURTUSETTUM OG HANDLAUGARTÆKJUM FRÁ HANSGROHE

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

hansgrohe

BAUHAUS Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 8. september til og með sunnudeginum 11. september

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Hjá BAUHAUS færðu kerru lánaða án endurgjalds

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNSVERKFÆRUM FRÁ DEWALT

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

DEWALT

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU FRÁ OUTDOORCHEF

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU FRÁ IBF

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

I·B·F

Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 8. september til og með sunnudeginum 11. september

BAUHAUS

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf. (e)
19.30 Suðurnesja-magasín Vikurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Fjallaskálar Íslands (e) Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.30 Útsvar 2013-2014 Akranes - Reykjanesbær.
14.40 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991
16.15 Eldað með Ebbu
16.40 Brautryðjendur Ingibjörg Þorbergs.
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Listaninja
18.29 Þorri og Þura - vinir í raun
18.40 HM 30 Markmið 15 Frumskógar heimsins eru stundum kallaðir lungu jarðarinnar því þeir draga til sín svo mikið af koltvísýringi úr andrúmsloftinu. Við mannfólkið erum aftur á móti að eyðileggja þessa frumskóga með því að höggva niður trén á ógnarhraða.
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins Stuðmenn - Röndótta mær.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Elda, borða, aftur og aftur
20.35 Tískuvitund - Line Sander
21.10 Tuskubrúða Ragdoll Breskir spennuþættir. Raðmorðingi hlutar fórnarlömb sín niður og notar líkamspartana til að búa til eins konar mennska tuskubrúðu. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 16 ára.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Neyðarvaktin Chicago Fire
23.00 Um Atlantsála Atlantic Crossing
23.55 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.00 The Bachelorette
16.55 90210
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Love Island (US)
20.10 We Need to Talk About Cosby
21.10 The Resident
22.00 Dan Brown's The Lost Symbol
22.50 Walker
23.40 The Late Late Show
00.25 Love Island (US)
01.15 FBI. Most Wanted
01.50 Yellowstone
02.35 Law and Order. Organized Crime
03.20 Station Eleven
04.05 American Rust
05.00 Tónlist

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.20 The Mentalist
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Grand Designs. Sweden
10.05 Who Do You Think You Are?
11.05 Britain's Got Talent
12.05 Skítamix
12.35 Nágrannar
12.55 Family Law
13.35 30 Rock
13.55 Dýraspítalinn
14.20 Einkalífið
15.05 Sorry for Your Loss
15.30 Grand Designs. Sweden
16.15 The Heart Guy
17.00 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham
17.25 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.27 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Miðjan Kolbeinn lítur á æfingaleikinn sinn sem beina leið í atvinnumennskuna fyrir sig, en mun hann standast pressuna?
19.20 Temptation Island
20.05 Mr. Mayor
20.30 The Titan Games
21.15 Rutherford Falls
21.45 The PM's Daughter
22.10 Agent Hamilton
22.55 Lie With Me
23.45 Outlander
00.50 The Mentalist
01.35 Grand Designs. Sweden
02.20 Family Law
03.00 30 Rock
03.25 Sorry for Your Loss

Skemmtiþátturinn Á tali hjá Hemma Gunn endursýndur

Skemmtiþátturinn Á tali hjá Hemma Gunn, sem naut mikilla vinsælda seint á níunda áratugnum, verður endursýndur á RÚV. Þátturinn hóf göngu sína í október 1987 og var sýndur í beinni útsendingu í Ríkissjónvarpinu á miðvikudagskvöldum allt fram til apríl 1995. Þátturinn sem verður endursýndur að þessu sinni er frá árunum 1990-1991 og hefst klukkan 14.40. ■

Krossgáta



LÁRÉTT
1 baka til
5 sníkill
6 óðagot
8 sigtun
10 íþróttafélag
11 ellegar
12 stælir
13 spyr
15 bóma
17 matjurt

LÓÐRÉTT
1 afskekktur
2 svikull
3 áhald
4 suða
7 þjóta
9 doppa
12 sprota
14 oddi
16 skyldir

LÁRÉTT: **1** aftan, 5 flo, 6 as, 8 saldun, 10 ir, 11 eða, 12 apar, 13 innl, 15 seglas, 17 salat.
LÓÐRÉTT: **1** afsíðis, 2 flar, 3 tól, 4 nauða, 7 snarast, 9 depill, 12 anga, 14 nes, 16 aa.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Dely átti leik gegn Uhlmann í Búdapest árið 1962.

1...Dg2+! 2 Hxg2 He1+ 0-1.
Haustmót TR hófst í gærkvöldi. Teflt er í tveimur lokuðum flokkum og opnum flokki.

www.skak.is: Haustmót TR.

Sudoku

7								3
		6			9	2		
1		8						9
	2	9		1		7	3	
3			7		6		9	
5	6			3		1		4
		1		5				7
	8		3	4				
6			2			8		

					3			
2				5	6		1	
3			7				8	4
7		2			4			5
9			3	7				
			9			4	6	
		3			8	5		
4			1			6		
		9			2			8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 15. september kemur út sérblaðið

Endurhæfing

Við lítum á líkamlega og andlega hlið endurhæfingar sem og sjúkraþjálfun og hvað slíkt felur í sér.
Einnig verður fjallað um stoð- og hjálpartæki fyrir þá sem hafa lent í veikindum og áföllum.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon, markaðsfulltrúi
Sími: 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

RAFMAGNSPOTTAR

Arctic Spas

AURORA
Hitun: 6,0 kw – 206 cm x 206 cm
VERÐ: 1.390.000,-

HUSKY
Hitun: 6,0 kw – 213 cm x 186 cm
VERÐ: 1.350.000,-

TIMBERWOLF
Hitun: 6,0 kw – 217 cm x 174 cm
VERÐ frá 1.490.000,-

#1 Mest seldi

TOTEM
Hitun: 6,0 kw – 217 cm x 217 cm
VERÐ frá 1.750.000,-

EAGLE
Hitun: 6,0 kw – 217 cm x 217 cm
VERÐ frá 1.750.000,-

MCKINLEY
Hitun: 6,0 kw – 235 cm x 235 cm
VERÐ frá 1.850.000,-

HEITIRPOTTAR.IS

FOSSHÁLS 13 • SÍMI 777 2000



Ljóðið sem breytti lífi mínu

Hlín Agnarsdóttir, rithöfundur og sviðslistamaður, segir lesendum Fréttablaðsins frá ljóðinu sem breytti lífi hennar.

„Listin sem breytti lífi mínu var örugglega Dymbilvaka, ljóðabálkur eftir Hannes Sigfússon sem ég las fyrst þegar ég var 18 ára og hafði mikil áhrif á mig. Ljóðið birtist í frægri bók frá 1954 sem hét Ljóð ungra skálda, bók sem varð hálfgerð biblía ungra ljóðskálda af minni kynslóð.

Í dag, þegar ég les Dymbilvöku aftur eftir langan tíma, skynja ég enn á ný hvað þetta er stórmagnað ljóð.

Í henni stigu atómskáldin fram eins og íslensku módernistarnir í ljóðagerð voru kallaðir. Atómskáldin gerðu mikinn usla í bókmenntalífinu á sínum tíma og ekki furða að eldri skáld og bókmenntamenn spyrðu í angist sinni yfir ósköpunum: Hvers vegna láta börnin svona?

Dymbilvaka hefst á þessum orðum:

Ég sem fæ ekki sofið ...
Bleikum lit
bundin er dögun hver og
dökkum kili.
Draugsleg er skíman blind og
bak við allt
blóðlausir skuggar flökta á
gráu þili.

Ljóðabálkurinn skiptist niður í fjóra kafla sem allir eru stútfullir af dulúð og djúpvitrum skáldskap. Orðkynngin er mikil og undirtónninn þungur í mislöngum erindum sem minna helst á öldugang. Á sínum tíma botnaði ég lítið sem ekkert í Dymbilvöku, ég bara skynjaði einhver ósköp sem voru bæði hugbreytandi og hugvíkkandi en þannig virkar einmitt öll alvöru list á manneskjuna. Í dag, þegar ég les Dymbilvöku aftur eftir langan tíma, skynja ég enn á ný hvað þetta er stórmagnað ljóð. Ungt fólk í dag gæti gæti búið til annað listaverk upp úr því, performans, músíkgjörning, dansleikhús.“ ■

Ég vil að Rússland falli

Andrej Kúrkov, einn þekktasti rithöfundur Úkraínu, hefur ferðast víða um heim til að vekja athygli á stríðinu í heimalandinu. Hann kom til Íslands til að taka á móti Alþjóðlegum bókmenntaverðlaunum Halldórs Laxness.

tsh@frettabladid.is

Andrej Kúrkov hætti að skrifa skáldskap þegar Rússar réðust inn í Úkraínu og byrjaði að skrifa dagbókarfærslur og greinar um ástandið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Úkraínski rithöfundurinn Andrej Kúrkov er handhafi Alþjóðlegra bókmenntaverðlauna Halldórs Laxness 2022. Kúrkov er einn þekktasti rithöfundur Úkraínu, nýjasta bók hans ber titilinn Diary of an Invasion og er, eins og titillinn gefur til kynna, samansafn dagbókarfærslna frá stríðinu. Þegar Rússar réðust inn í Úkraínu þann 24. febrúar voru Kúrkov og eiginkona hans Elizabeth stödd á heimili sínu í Kænugarði.

„Kvöldið áður, eins og ég lýsi í bók minni, eldaði ég hefðbundna úkraínska borscht-súpu fyrir vini mína. Á meðal þeirra sem ég bauð í mat voru brasilíski sendiherrann og nokkrir blaðamenn, aðallega frá Bretlandi, sem ég hef þekkt árum saman. Við vorum að grínast með það að þetta væri síðasta borscht-súpan í Kænugarði,“ segir Kúrkov.

Á meðal blaðamannanna sem snæddu heima hjá Kúrkov voru Luke Harding frá The Guardian, Tim Judah frá The Economist og Lily Hyde, sjálfstætt starfandi blaðamaður búsettur í Úkraínu. Hann segir að við lok kvölds hafi allir skipst á símanúmerum til öryggis.

„Klukkan fimm um morgun vaknaði ég við sprengingar fyrir utan gluggann minn. Þær voru ekki alveg við húsið okkar en nokkra kílómetra í burtu. Ég var í sjokki og stökk að glugganum þar sem ég stóð í næstum klukkutíma að horfa út á tóma götuna. Rétt fyrir klukkan sex sá ég nágrannakonu mína fara út að labba með hundana sína og síðan heyrði ég tvær sprengingar í viðbót.“

Heldur ástandinu á lofti

Kúrkov og eiginkona hans Elizabeth fóru fljótt að íhuga næstu skref. Þau voru um kyrrt í Kænugarði í nokkra daga en mikill fólksflótti var þá úr höfuðborginni og bílaraðirnar teygðu sig tugi kílómetra í vesturátt. Þau ákváðu að lokum að stefna í átt til Lvív þar sem börn þeirra voru. Eftir nokkrar vikur á vergangi ákvað fjölskyldan að snúa aftur til Kænugarðs en Kúrkov hélt áfram ferðalagi sínu og hefur undanfarna mánuði ferðast víða um heim til að vekja athygli á ástandinu í heimalandinu.

„Ég var í Bandaríkjunum og nánast alls staðar í Evrópu. Þegar við fljúgum héðan frá Íslandi keyrum við til Norður-Frakklands. Þaðan förum við til Frankfurt, Leipzig og Berlínar, þar sem ég er með viðburði og viðtöl, síðan til Hamborgar, Lundúna, Noregs, Svíþjóðar, Portúgal og Hollands. Í byrjun október keyri ég konuna mína til Úkraínu og svo mun ég halda aftur til Evrópu.“

Finnur þú til mikillar ábyrgðar vegna stríðsins?

„Ég held að allir sem er annt um Úkraínu ættu að geta sitt besta til að halda ástandinu á lofti í fjölmiðlum. Í upphafi stríðsins var mjög mikilvægt að útskýra fyrir fólki hvað væri að gerast, hverjar væru forsendur Pútíns fyrir að stofna til stríðs. Ég man ekki hversu marga fyrirlestra ég hélt, ábyggilega hundruð, um ástandið. Ég hef líka birt fimmtíu, sextíu greinar í mismunandi fjölmiðlum í Evrópu og Bandaríkjunum. En ég er ekki einn, fjölmargir úkraínskir rithöfundar eru að gera allt sem þeir geta.“

Skáldskapur tekur mann í burtu frá raunveruleikanum en í ástandinu eins og það er í dag er hættulegt að vera tekinn í burtu frá raunveruleikanum.

Hættur að skrifa skáldskap

Kúrkov segir að flestir úkraínskir skáldsagnahöfundar, þar á meðal hann sjálfur, hafi hætt að skrifa skáldsögur í stríðinu. Spurður um af hverju það stafi segir hann:

„Af því að raunveruleikinn er miklu dramatískari. Maður verður að vera afslappaður til að skrifa skáldsögu. Á hverjum morgni sem þú vinnur í skáldsögu ferðu úr daglegu lífi inn í ímyndað líf og kemur síðan aftur. Í dag er daglegt líf ekki lengur venjulegt.“

Er pláss fyrir listir og skáldskap á stríðstímum?

„Ég held að það sé pláss en þú getur ekki skrifað skáldskap um það sem er að gerast án þess að vita hvernig sagan endar. Kannski geta einhverjir gert það en ekki ég. Ég held að fólk sé ekki mikið að lesa skáldskap í stríðinu. Skáldskapur tekur mann í burtu frá raunveruleikanum en í ástandinu eins og það er í dag er hættulegt að vera tekinn í burtu frá raunveruleikanum.“

Rússar verði að hörfa

Kúrkov hefur áður skrifað um stríð Rússa í Úkraínu. Skáldsagan Grey Bees frá 2018 fjallar um átökin í Donbass í Austur-Úkraínu frá sjónarhorni miðaldra býflugnabónda. Kúrkov segist upphaflega ekki hafa haft í hyggju að skrifa um þessa viðburði en hugmyndin að bókinni kviknaði þegar hann hitti úkraínska flóttamenn frá Donbass.

„Ef ég hefði ekki hitt þetta fólk þá hefði ég ekki skrifað þessa sögu. Ég get ekki spáð fyrir um hvernig stríðið muni enda en ég veit hvernig ég vil sjálfur að það endi,“ segir hann.

Hvernig viltu að stríðið endi?

„Í sannleika sagt vil ég að Rússland falli. Ég veit að svo lengi sem Pútín er á lífi þá mun stríðið aldrei enda. Fólk mun halda áfram að deyja og Úkraína mun halda áfram að verða eyðilögð á degi hverjum. Ég vil að Rússar fari til baka, frelsi hertekin úkraínsk svæði og leyfi Úkraínumönnum að lifa eins og þeir vilja lifa. Hugarfar Úkraínumanna og Rússa er gjörólíkt. Fyrir Úkraínumönnum er frelsi mikilvægara en peningar og stöðugleiki. En fyrir Rússum eru peningar og stöðugleiki mikilvægari en frelsi. Þeir eru hjarðþjóð en við erum einstaklingsmiðuð þjóð, anarkistar. Við ættum að vera eins langt frá hvor öðrum og mögulegt er.“ ■

Nánar á frettabladid.is

Sköpunarkraftur Tove Jansson

tsh@frettabladid.is

Sérstök hátíð tileinkuð Tove Jansson fer fram í Norðurljósum, Hörpu, næstkomandi laugardag þar sem fræðimenn, rithöfundar og listafólk varpa ljósi á ævi og starf höfundar hinna dáðu Múmínbóka.

Gerður Kristný, skipuleggjandi hátíðarinnar, segir að dagskráin fjalli um allar helstu hliðar ævi og höfundarverks Tove Jansson.

„Hún var ljóðskáld, leikskáld, listmálari, teiknari og teiknimyndasöguhöfundur. Hún nam myndlist í Helsinki, Stokkhólmi og París og var starfandi myndlistarkona löngu áður en hún fór að semja Múmínbækurnar en það var á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar,“ segir Gerður.

Á meðal gesta hátíðarinnar eru Katrín Jakobsdóttir, Ragnar Kjartansson, Hilmar Hildar Magnúsarson, Þórdís Gísladóttir, Ármann Jakobsson, Andri Snær Magnason og Sophia Jansson, bróðurdóttir Tove.

Gerður Kristný ásamt Hemúlnum í Múmíndal árið 2020. MYND/AÐSEND

Að sögn Gerðar kom hugmyndin upp þegar Sophia, sem er stjórnarformaður Moomin Characters sem annast höfundarrétt á verkum frænku hennar, kom á Bókmenntahátíð í Reykjavík í fyrra ásamt eiginmanni sínum Roleff Krakstrom, forstjóra fyrirtækisins, en slíkar hátíðir hafa áður verið haldnar í Helsinki og Stokkhólmi.

Þótt Tove Jansson sé þekktust fyrir ævintýrin í Múmíndal liggja eftir hana mun fleiri sögur. Hún var komin á sextugsaldur þegar hún hóf að semja bækur fyrir fullorðna, sem nutu mikilla vinsælda.

„Tove var 54 ára þegar hún skrifaði fyrstu fullorðinsbókina og sú síðasta kom út þegar hún var á níræðisaldri. Starfseljan var ofboðsleg og hugmyndaauðgin sömuleiðis! Hún virðist alltaf hafa verið á útkikkinu eftir hugmyndum,“ segir Gerður.

Að sögn Gerðar var Tove samt eilítið smeyk í upphafi við að skrifa fullorðinsbækur, enda þekktust fyrir Múmínbækurnar. „Hún segir í sendibréfi til sænska útgáfustjórans síns að það megi „finna kaldan gust næða um fætur sér þegar maður stígur út fyrir Múmíndalinn“.“

Á Tove-hátíðinni má búast við fjölbreyttum umræðum um trú og tilgang lífsins, útópíu, umhverfismál, og hinseginleika Tove Jansson en hún átti sömu eiginkonuna í 45 ár, grafíklistakonuna Tuulikki Pietilä.

„Þær komu saman hingað til lands sumarið 1972 þegar leikrit eftir Tove, Leikhúsálfarnir, var sýnt á Listahátíð. Þá fóru þær meðal annars í siglingu með Árna Johnsen um Vestmannaeyjar en hann var þá blaðamaður á Morgunblaðinu og fannst auðvitað mikilvægt að sýna þeim það fallegasta sem landið hefur að geyma,“ segir Gerður. „Umræða um hinseginmál var vitaskuld ekki jafn opinská fyrir fimmtíu árum eins og nú og í umfjöllun eins dagblaðanna um heimsókn Tove var eiginkona hennar Tuulikki kölluð „ferðafélagi“ hennar.“

Tove Jansson-hátíðin fer fram í Norðurljósum, Hörpu, á laugardag á milli klukkan 11 og 19. Miðasala fer fram á Tix.is. ■

31. OKTÓBER Í 8 NÆTUR

Lúxus í ★★★★★ Marokkó

Beint flug til Agadir

SKANNAÐU

Ævintýri fyrir alla, á öllum aldri

Agadir er þekktur sólstrandarstaður sem skartar fallegri, gullinni strandlengju. Borgin er sjöunda stærsta borg Marokkó en þetta er nútímaleg borg með breiðgötum, blómstrandi görðum, góðum hótelum, fallegri snekkjubátahöfn sem og líflegri höfn þar sem heimamenn bjóða fiskinn sinn til sölu.

Frábært verð!

Flug & hótel frá

179.050

á mann

Hyatt Place Taghazout

★★★★★

31. október í 8 nætur

Frá kr. 179.050 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

Hyatt Regency Taghazout

★★★★★

31. október í 8 nætur

Frá kr. 219.700 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

Sofitel Thalassa Sea & Spa

★★★★★

31. október í 8 nætur

Frá kr. 253.850 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

→ FLEIRI GISTIMÖGULEIKAR FRÁ 159.900 INNÁ HEIMSFERDIR.IS

BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Fáðu meira út úr fríinu

Leyndardómar Launer-skilaboðaskjóðunnar

Liz Truss er 15. forsætisráðherrann sem Elísabet II skipar en sú fyrsta sem mátti ferðast 1.000 kílómetra til fundar við drottninguna, ekki í Buckingham-höll, heldur Balmoral-kastala. Þar mætti drottningin með sína sígildu Launer-tösku þótt hún þyrfti aðeins að fara milli herbergja.

toti@frettabladid.is

Elísabet fór ekki langt til þess að hitta Truss en taskan góða var þó á sínum stað á handlegg hennar. Engum sögum fer af því hvort drottningin hafi talað til forsætisráðherrans með skilaboðaskjóðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Elísabet II Englandsdrottning hefur nú tekið á móti fimmtán forsætisráðherrum þjóðar sinnar á metlöngum valdatíma og sjálfsagt hefur Launer-handtaska dinglað á hægri handlegg hennar á öllum þeim fundum.

Nýjasti forsætisráðherrann mátti gera sér ferð til Balmoral-kastala þar sem heilsan leyfði drottningunni ekki að fara til móts við Truss í Buckingham-höll.

Sérhönnuð Launer-taska

Athygli vakti að Elísabet mætti Truss með handtöskuna sína góðu á handleggnum. Alkunna er að hún fer aldrei að heiman án töskunnar og þar sem hún fylgdi með í viðhafnarstofu kastalans á þriðjudag vaknaði enn á ný hin sígilda spurning um hvaða nauðsynjar eru í tösku drottningar.

Hún hefur áratugum saman notað handtöskur frá Launer og fullyrt er að hún eigi yfir 200 slíkar en þrjú snið eru henni hugleiknust; svört Royale úr leðri, svört, nett Traviata (23x20x10 cm) til ferðalaga og svo ein sérsniðin fyrir hana. Hermt er að framleiðandinn geri fimm töskur á ári fyrir drottninguna sem leggur mikið upp úr lengdum handföngum svo hún eigi auðveldara með að heilsa fólki.

Krókur á móti bragði

Haft hefur verið eftir fólki úr innsta hring drottningar og sérfræðingum að í Launer-töskunni hafi hún ætíð lítinn spegil, varalit frá Clarins, blekpenna, lesgleraugu, jafnvel snýtibréf og vandlega slétt-aðan 5 punda seðil fyrir samskotabaukinn í sunnudagsmessunni.

Sumir vilja meina að litlir hundar og kettir, lukkugripir frá barnabörnunum, séu stundum í töskunni og jafnvel fjölskyldumyndir en þar hefur mynd af Andrési prins að koma heill á húfi úr Falklandseyjastríðinu 1982 verið nefnd sérstaklega.

Þá hefur sést til drottningarinnar taka lítinn snaga með sogskálum upp úr töskunni, bleyta hann með munnvatni með nokkrum tilþrifum og festa síðan undir borðplötur áður en hún hengir töskuna á hann.

Skilaboðaskjóðan

Taskan er drottningunni þó ekki síst mikilvæg þar sem hún notar hana sem skilaboðaskjóðu og gerir með staðsetningu hennar starfsfólki vilja sinn ljósan svo lítið sem ekkert beri á.

Setji drottningin til dæmis töskuna upp á borð yfir kvöldmat eru það skýr skilaboð um að hún vilji að borðhaldi ljúki á innan við fimm mínútum. Láti hún töskuna á gólfið vita hirðdömurnar að henni leiðist samtalið og þeim beri að bjarga henni frá því með uppgerðarerindi. ■

Rimme frá Casö, raðau saman þinni samstæðu

Casö 230 viðartegundir nature eik og reykt eik

Borstofuhúsgön frá Casö

KRAGELUND Handrup

GLOBL VIKTOR
Hvíldarstóll

Stólar
Sófasett
Borðstofuborð
Skenkar/skápar
Hvíldarstólar
o.m.fl.

Klassísk gæða húsgögn á góðu verði

KRAGELUND Aya K 129

Mikið úrval af hvíldarstólum með og án rafmagns.

Casö 701 langborð

Komið og skoðið úrvalið

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | **nyform.is**

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN



Útsalan er hafin!

Allt að sjötíu prósenta afsláttur af sýningarvörum

Í DAG, Á MORGUN FÖSTUDAG OG LAUGARDAG, 8. - 10. SEPTEMBER!

HANS J. WEGNER, ARNE JACOBSEN, BORGE MOGENSSEN, PHILIPPE STARCK, ERIK MAGNUSSEN OFL.

epal

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is



Eyþór Ingi telur víst að hann hafi aldrei litið jafn illa út og í bráðskemmtilegu hlutverki Hr. Rokk. MYND/SKJÁSKOT

Gaman að vera Hr. Rokk

Tónlistarmaðurinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson leikur Hr. Rokk í íslensku dans- og söngvamyndinni Abbababb! Þar fetar hann í fótspor ekki minni spámanna en Rúna Júl. og Sigurjóns Kjartanssonar og segist jafn kvíðinn og hann er spenntur fyrir því að sjá sjálfan sig í hlutverkinu.

toti@frettabladid.is

Tónlistarmaðurinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson er spennur og kvíðinn í senn fyrir frumsýningu bíómyndarinnar Abbababb! í næstu viku en þar leikur hann Hr. Rokk og fetar þannig í fótspor Rúnars Júlíussonar og Sigurjóns Kjartanssonar þótt hann fái um leið tækifæri til þess að nálgast persónuna úr nýrri átt.

„Það var bara brilljant að Nanna skyldi treysta mér fyrir hlutverkinu," segir Eyþór um leikstjórann Nönnu Kristínu Magnúsdóttur sem veðjaði á hann í myndinni sem er sú fyrsta sem hún gerir í fullri lengd.

Rúni Júl. var hinn upprunalegi Hr. Rokk.

„Þetta eru svo engin smá fótspor að fara í. Rúnar Júlíusson lánaði náttúrlega Hr. Rokk rödd sína á upprunalegu plötunni og eftir að platan kom út var gerður söngleikur þar sem Sigurjón Kjartansson var Hr. Rokk, sem er nú líka mjög töff."

> **En ég er ekki viss um að minn Hr. Rokk sé nú jafn töff og Rúnar Júlíusson enda verður aldrei neinn nokkurn tímann jafn töff og hann.**

Gamalt vín á nýjum belgjum

Dr. Gunni gerði barnaplötuna Abbababb! í hálfgerðu bríaríi fyrir 25 árum við svo miklar vinsældir að áratug síðar sló söngleikurinn sem var byggður á henni hressilega í gegn og hlaut Grímuverðlaunin 2007 sem besta barnasýningin. Þá fylgdi bókin Abbababb! í kjölfarið og nú lifnar sagan aftur við í bíómynd.

„Nanna byggir síðan þessa bíómynd lauslega á söngleiknum, þannig að þetta er kannski ekki alveg sama sagan," segir Eyþór. „En þetta byggir svona á þessu og lögin af disknum eru þarna og svoleiðis." Eyþór segir grunnhugmyndina þannig vera svipaða en allur pakkinn sé þó tekinn nýjum tökum.

Í skugga aðaltöffarans

„Þannig að Hr. Rokk í þessari útfærslu allavegana er eiginlega pínu svona uppgjafarokkari. Hann er kennari og já, bara dálítið sérstakur karakter. Litríkur persónuleiki.

En ég er ekki viss um að minn Hr. Rokk sé nú jafn töff og Rúnar Júlíusson enda verður aldrei neinn nokkurn tímann jafn töff og hann," segir Eyþór og hlær þegar hann tekur undir að það sé þó ekkert til að skammast sín fyrir að vera eftirbátur Rúna Júl. í almennu töffi.

Þá bætir hann, aðspurður, við að það hafi verið virkilega skemmtilegt að nálgast uppfærðan Hr. Rokk á sínum forsendum. „Jú, það var alveg ótrúlega gaman og ég er eiginlega jafn kvíðinn og ég er spenntur að sjá þetta á tjaldinu," segir Eyþór ekki síst með mátulega lúðalegt yfirbragð þessa Hr. Rokk. „Ég held ég hafi aldrei litið verr út en á þessu augnabliki í lífinu."

Draumur rætist

Eyþór segir stemninguna við tökurnar hafa verið virkilega skemmtilega og sparar ekki hrósið þegar talið berst að ungum mótleikurum hans en eðli málsins samkvæmt eru krakkar í flestum aðalhlutverkunum.

„Þetta var mjög gaman og krakkarnir alveg frábærir. Ótrúlega fagmannleg og flott og stóðu sig í raun inni bara mikið betur en ég. Held ég. Ég dáðist alveg að þeim og það var bara gaman að fá að gera þetta og leika sér í bíó."

Þótt Eyþór hafi komið víða við í skemmtanabransanum þá er Abbababb! fyrsta alvöru bíómyndin hans og hann segir að þarna hafi í raun enn einn bernskudraumurinn verið að rætast.

„Þetta er eitthvað sem maður lét sig dreyma um þegar maður var krakki. Ég var sko alltaf með vídeókamerur að gera stuttmyndir og svona í gamla daga. Þannig að kannski má alveg líta á þetta þannig að þarna sé ég búinn að tikka í eitt draumaboxið. Að fá að gera alvöru bíómynd." ■

Hulli tekur sex köst í röð

toti@frettabladid.is

Teiknigrínarinn og kvikmyndanördinn Hugleikur Dagsson dustar rykið af hlaðvarpshljóðnemanum í tengslum við Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík með RIFF-kastinu þar sem hann mun kafa ofan í ólíka kima kvikmyndagerðar og ræðir við sérfræðinga úr ýmsum áttum.

Hátíðin er nú haldin í 19. sinn og að þessu sinni í Háskólabíói þar sem hún mun standa yfir frá 29. september til 9. október. RIFF-kast þættirnir verða sex og sá fyrsti kemur út í dag og síðan vikulega þar til hátíðinni lýkur.

Hugleikur Dagsson

Elísabet Ronaldsdóttir er fyrsti gestur Hulla og mun útskýra kvikmyndaklippingu sem felur annað og meira í sér en bara að skera og líma. Ása Helga Hjörleifsdóttir, leikstjóri Svars við bréfi Helgu, verður í öðrum þætti en síðan tekur Hulli á móti Lovísu Láru Halldórsdóttur, stofnanda einu íslensku hryllingsmyndahátíðarinnar, Páli Óskari Hjálmtýssyni, animation-undrabarninu Gísla Darra og Andreu Björk Andrésdóttur sem hefur lifað það af að horfa á allar íslenskar kvikmyndir sem gerðar hafa verið.

Þættirnir verða aðgengilegir á öllum helstu hlaðvarpsveitum. ■

FRÉTTA VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin á lyfjaval.is

Veldu að sækja í næsta apótek
eða fáðu sent heim.

Lyfjaval
HEILSA & HAMINGJA

Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Bílaapótek Suðurfelli
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja

www.lyfjaval.is

TAXF

Nature's **REST LUXURY**
heilsurúm með C&J stillanlegum botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.

Natures Rest Luxury er frábær heilsudýna með 18 cm háum pokagormum umvafið af hitasprengdum svampi. Gormakerfið er gert úr tvíhertu stáli með mikinn og góðan stuðning. Natures Rest Luxury er með vönduðu áklæði sem andar einstaklega vel. Dýnan er millistíf/stíf. Natures Rest Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.
Sérlega vönduð gormadýna.

Nature's Bedding

CONFIDENCE IN TEXTILES
Tested for harmful substances

90x200 cm rúm með C&J stillanlegum botni.
Verð: 193.900 kr.
Nú **156.380 kr.**

160x200 cm rúm með C&J stillanlegum botni.
Verð: 375.800 kr.
Nú **303.083 kr.**

PURE COMFORT sæng

Létt og þægileg fibersæng. 300g
140x200 cm.

Verð: 10.900 kr.
Nú **8.791 kr.**

DORMA CLASSIC sæng

Meðalhlý sæng gerð úr holtrefjum. Áklæði úr 100% lífrænni bómull.
1.345g. 140x200 cm.

Verð: 13.900 kr.
Nú **11.210 kr.**

AUSTIN 3ja sæta sófi

Stillanlegur 3ja sæta sjónvarpssófi. Hægra og vinstra sæti hallanlegt með skammel. Miðsæti niðurfellanlegt og verður að borði. Svart leður. 98 x 95 x 98 cm.

Verð: 299.900 kr.
Nú **241.869 kr.**

LICATA tungusófi

Hægri eða vinstri tunga, dökkgrátt River 66 áklæði. 265 x 164 x 82 cm.

Verð: 244.900 kr.
Nú **197.512 kr.**

AVIGNON hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Brúnt, svart, dökkgrátt og rautt PVC leður.

Verð: 199.900 kr.
Nú **161.219 kr.**

KOLDING hægindastóll

Stillanlegur stóll í dökkgráu, rauðu eða svörtu PVC áklæði.

Verð: 169.900 kr.
Nú **137.024 kr.**

CANNES hægindastóll

Stillanlegur stóll í dökkgráu, rauðu eða svörtu PVC áklæði.

Verð: 199.990 kr.
Nú **161.292 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. LOKAÐ

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

TAX FREE

AF ÖLLUM VÖRUM*

6. - 12. september

www.dorma.is

VEFVERSLUN ALLTAF OPIN



Nature´s **SUPREME** heilsurúm með botni

Virkilega vönduð heilsudýna sem hentar flestum, millistíf.
Natures Supreme er samsett úr 5 svæðaskiptu pokagormakerfi með steyptri kantstyrkingu sem gefur um 25% meira svefnrými og lengri endingu. Gormakerfið er mýkra við axlasvæðið, millistíft við miðjusvæðið en stífara við neðrabakssvæðið. Convoluted svampur (egglaga) er í efsta lagi dýnunnar sem gefur virkilega góðan stuðning og aðlögun. Einnig gefur lögunin á svampinum meira loftflæði sem skilar sér í auðveldari snúningi á dýnunni. Mismunandi svamplög gefa henni frábæra mýkt. Hæð dýnunnar er 29,5 cm.
Dýna sem hentar ungum sem öldnum.

180x200 cm
Verð: 164.900 kr.
Nú **132.992 kr.**

Nature's Bedding

ELEGANCE heilsurúm með botni

Sérlega vönduð heilsudýna sem veitir góðan stuðning. Elegance heilsudýnan er með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Gormakerfi Elegance er mýkra við axlasvæðið en stífara við neðra bak og miðjusvæði.
Elegance heilsudýnan hefur steypta kanta sem gefur um 25% meira svefnrými og tryggir hámarks endingu dýnunnar. Ein okkar allra vandaðasta gormadýna.
Til í fleiri stærðum.

180x200 cm
Verð: 209.900 kr.
Nú **169.284 kr.**

MONTARIO svefnsófi

Einfaldur og stílhreinn svefnsófi. Fallegt áklæði, dökkgrátt eða ljósgrátt. 158 x 90 x 78 cm.

Verð: 89.900 kr.
Nú **72.504 kr.**

STELLA sófi

2ja sæta sófi í grænu eða bláu áklæði.
160 x 85 x 78 cm.

Verð: 119.900 kr.
Nú **96.699 kr.**

*** Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Bakþankar

Stefáns Ingvars Vigfússonar

Annir

Fólk leitar almennt ekki eftir andlegri fyllingu, það geri ég til að mynda alls ekki.

Við eltumst fæst við að uppfylla einhvern æðri tilgang eða að lifa dyggðugu lífi.

Flest viljum við gera vel, láta til okkar taka á hinum ýmsu sviðum mannúðarstarfs, klappa köttum og vera börnum góðar fyrirmyndir, en það er ekki það sem keyrir okkur áfram.

Drifkrafturinn, þessi frumstæða, kjarnmennska orka sem við finnum oft berjast um í brjósti okkar eins og hjartað vilji út er ótti.

Ótti við leiðindi, við það að sitja í sjálfum okkur í smástund án þess að leiða hugann annað.

Við hræðumst það að láta okkur leiðast, öðru fremur, meira en sult og sóttir.

Við verðum að vera upptekin, við verðum að vera á ferðinni.

Við erum eins og hákarlar að þessu leyti, við vinnum meira að segja í svefni og leitum til sérfræðinga til þess að aðstoða okkur að ráða drauma okkar og draga af þeim lærdóm.

Um daginn sat ég og skrifaði eitthvert drasl og vinur minn, sem sat líka og skrifaði eitthvert annað drasl, spurði mig hvers vegna við værum að þessu.

Hvers vegna við tækjum þátt í endalausri framleiðslunni, legðum okkar á vogarskálarnar til samfélags sem virðist svo umhugað um að útrýma eigin vistarverum, fokka upp jörðinni með endalausri og neyslu og framleiðslu. Vinnu og skulda.

„Hvað eigum við annað að gera?“ spurði ég á móti. „Það er rétt,“ sagði hann. „Eitthvað verðum við að gera.“ ■